

# FJÖLRIT

## NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



Bergþór Jóhannsson

### ÍSLENSKIR MOSAR

Skrár og viðbætur

# FJÖLRIT

## NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

---

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985.

Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og fræðimenn

sem vinna í samvinnu við þá. Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði.

Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrætti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

---

### Ritstjóri:

Erling Ólafsson

Netfang: erling@ni.is

### Kápumynd:

Peruhnokki (*Bryum axel-blyttii*)

Teikning: Bergþór Jóhannsson

### Útgefandi:

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

<http://www.ni.is>

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 5900500 Bréfasími 5900595 ni@ni.is

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 4600500 Bréfasími 4600501 nia@ni.is

**Fjölritun:** Viðey ehf.

© Náttúrufræðistofnun Íslands

ISSN 1027-832X

**EFNISYFIRLIT**

ÁGRIP	4
INNGANGUR	5
NÝFUNDNAR TEGUNDIR	7
Forkmosi - <i>Sphenolobopsis pearsonii</i>	7
Fjallarindill - <i>Dicranella riparia</i>	9
Peruhnokki - <i>Bryum axel-blyttii</i>	11
Fenjahnokki - <i>Bryum neodamense</i>	13
Greppmosi - <i>Leskea polycarpa</i>	15
Krókmosi - <i>Dichelyma falcatum</i>	17
Engjafaxi - <i>Hypnum pratense</i>	19
VIÐBÆTUR VIÐ NOKKRAR TEGUNDIR	21
BREYTINGAR INNAN BAUKMOSA FRÁ SKRÁNNI 1998	22
BREYTINGAR INNAN SOPPMOSA FRÁ FYRRI UMFJÖLLUN	28
MOSASKRÁ - RÖÐUN EFTIR LATNESKUM NÖFNUM	29
TEGUNDASKRÁ - RÖÐUN EFTIR ÍSLENSKUM NÖFNUM	53
ÆTTKVÍSLASKRÁ - RÖÐUN EFTIR ÍSLENSKUM NÖFNUM	68
ÆTTASKRÁ - RÖÐUN EFTIR ÍSLENSKUM NÖFNUM	72
KERFISRÖÐUN	74
FLOKKAR, SYRPUR OG ÆTTBÁLKAR	99
NOKKUR HELSTU SAMNEFNI	101
AFSKRÁÐAR TEGUNDIR	107
SJALDGÆFAR TEGUNDIR	109
ÞAKKIR	125
EFTIRMÁLI	126
HEIMILDIR	129
SUMMARY	134

## **ÍSLENSKIR MOSAR**

### **Skrár og viðbætur**

Bergþór Jóhannsson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Pósthólf 5320  
125 Reykjavík

### **ÁGRIP**

Alls er 7 tegundum sem eru nýfundnar hérlendis lýst og þær teiknaðar. Lýsingar og teikningar eru gerðar eftir íslenskum eintökum. Þekkt útbreiðsla þeirra er sýnd á útbreiðslukortum. Birt er mosaskrá yfir allar íslenskar tegundir í stafrófsröð latneskra nafna. Einnig er birt tegundaskrá, ættkvíslaskrá og ættaskrá í stafrófsröð íslenskra nafna. Gerð er grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið innan baukmosa frá því síðasta skrá var birt og innan soppmosa frá umfjöllun um þá í fyrri heftum þessa fjölríts. Skrá yfir íslensku mosaflóruna eftir kerfisröðun er birt. Í því kerfi eru 604 íslenskar tegundir, 194 ættkvíslir, 77 ættir, 29 ættbálkar, 7 flokkar og 3 fylkingar. Birt er skrá yfir helstu samnefni og afskráðar tegundir. Þá er fjallað sérstaklega um sjaldgæfustu tegundir íslensku mosaflórunnar.

## INNGANGUR

Þetta hefti er unnið sem lokahefti í mosaumfjöllun minni í þessari ritröð. Þungamiðja þess eru tvær skrár, mosaskráin og kerfisskráin. Mosaskráin er endurbætt útgáfa af þeirri skrá sem birt var í 36. hefti (Bergþór Jóhannsson 1998). Reynt hefur verið að aðlaga skrána nýjustu erlendum skráum og flórum. Sérstakt tillit hefur verið tekið til nýjasta lista yfir breskar og írskar mosategundir (Blockeel & Long 1998) og greiningarlykils soppmosa og hornmosa í Evrópu (Schumacker & Vána 2000) án þess þó að þeim sé fylgt að öllu leyti.

Rannsóknnum hefur að sjálfsögðu verið haldið áfram á tegundum og ættkvíslum þótt um þær hafi áður verið fjallað. Nokkrar breytingar hafa því verið gerðar frá fyrri skrá. Gerð er grein fyrir þeim breytingum. Í soppmosunum er ekki miðað við fyrri skrá, frá 1998, heldur er miðað við umfjöllun um soppmosana sem birtist í þessari ritröð á árunum 1999 til 2002.

Mosafræðingar hafa verið að taka upp dálítið breytt kerfi í rithætti og skammstöfunum höfundanafna. Þetta nýja kerfi er notað hér og er ekki gerð nein sérstök grein fyrir því. Við útfærslu þess er aðallega stuðst við Anderson et al. (1990), Blockeel & Long (1998) og Grolle & Long (2000).

Gerð er sérstök grein fyrir 7 tegundum sem hafa fundist hér nýlega og ekki hafa komist í fyrri hefti. Þeim er lýst og þær teiknaðar. Einnig eru birt útbreiðslukort. Þau eru gerð samkvæmt reitkerfinu sem notað hefur verið í fyrri heftum (Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970).


Tegundaskrá, ættkvíslaskrá og ættaskrá fylgja á eftir mosaskránni. Röðun þar er samkvæmt stafrófsröð íslensku nafnanna.

Kerfisröð þótti mér nauðsynleg í þessu hefti. Hér var mér nokkur vandi á höndum vegna þess að um þessar mundir er varla unnt að finna neina tvo höfunda sem nota nákvæmlega sama kerfi. Flestir virðast nota kerfin sem þeir Schuster (1984) og Vitt (1984) settu fram, oftast með nokkrum, en mismunandi, frávikum. Ég valdi hér þau kerfi sem mér líst best á en ég geri á þeim smávægilegar breytingar. Ég tel að þessi kerfi taki meira tillit til niðurstaðna nýjustu rannsókna en önnur slík kerfi sem í notkun eru. Þetta eru þau kerfi sem sett eru fram af Crandall-Stotler & Stotler (2000) og Buck & Goffinet (2000). Í því kerfi sem hér er notað eru 604 íslenskar tegundir, 194 ættkvíslir, 77 ættir, 29 ættbálkar, 7 flokkar og 3 fylkingar. Farið er nokkrum orðum um uppruna mosanna og tengsl

þeirra við aðrar landplöntur. Um þetta efni hefur talsvert verið ritað en aðallega var stuðst við ágæta samantekt eftir Goffinet (2000).

Skrá um helstu samnefni er óhjákvæmilegt að hafa til stuðnings mosaskránni. Ekki þótti mér þó ástæða til að hafa hana sérlega ítarlega og er því hvorki leitað fanga víða né farið langt aftur í tímann.

Haldi mosarannsóknir áfram héraendis næstu áratugi er meðal annars nauðsynlegt að beina athyglinni að sjaldgæfustu tegundunum og sérstaklega þeim sem gætu átt í vök að verjast. Válistann (Válisti 1, 1996) þarf að endurskoða og bæta sem fyrst. Sérstakur kafli er því settur í þetta hefti um sjaldgæfustu mosategundirnar. Um margar þeirra er alltof lítið vitað og sumar þeirra eru líklega horfnar aftur úr íslensku mosaflórunni. Skaði þykir mér að hvarfi sumra þeirra og vont væri að missa ýmsar sem ég tel vera í hættu.



1. mynd. Þekkt útbreiðsla *Sphenolobopsis pearsonii*.

## NÝFUNDNAR TEGUNDIR

Nokkrar tegundir hafa fundist hérlendis í fyrsta sinn eftir að heftin sem fjalla um ættir þeirra komu út. Verður hér gerð grein fyrir þeim í þeirri röð sem þær eru í kerfisröðinni.

**Forkmosi** - *Sphenolobopsis pearsonii* (Spruce) R.M.Schust.


Tegundin er af lápmosaætt, Lophoziaaceae. Plöntur mjög smáar, þráðlaga, 5-10 mm langar, kvíslgreindar, grænar. Eldri hlutar oft gulbrúnir. Yfirborðsfrumur stönguls ferhyrnda, með þykkum veggjum. Yfirborð stönguls oft greinilega strikótt. Rætlingar fáir, litlausir. Blöð þverstæð á stöngli, dreifstæð, sveigjast oft upp á við, að efra borði stönguls. Blöð eggjala ferhyrnd eða næstum ferningslaga, oftast greinilega samanbrotin, klofin niður fyrir miðju, stundum að þrem fjórðu í tvo mjóþrihyrnda sepa. Separ næstum jafnstórir. Efri sepi oft næstum samsíða stöngli en neðri sepi útstæðari. Separ yddir, enda oft í tveggja frumna löngum, einnar frumu breiðum oddi. Separ oftast 4-9 frumna breiðir við grunninn. Vik ytt eða bogadregið. Engin æxlikorn.

Frumur í blaðsepum oftast 10-15 x 12-20  $\mu\text{m}$ , með jafnþykkum veggjum. Frumuyfirborð slétt eða svo til slétt.

Plöntur einkynja. Kvenhlífarblöð oftast með tönnum eða smásepum á hliðunum. Plöntur með gróhirslum hafa ekki fundist.

Hefur fundist hér innan um aðra mosa í votlendi.

Neðst til vinstri á myndinni er sýndur efsti hluti kvenplöntu. Til hægri er sýndur sprotahluti frá hlið. Fyrir ofan hann er sýnt blað á stöngli. Efst til vinstri er sýnt blað á stöngli og frumugerð í blaðsepa. Horft er á efra borð sprotahlutans.



2. mynd. Forkmosi - *Sphenolobopsis pearsonii*.



**Fjallarindill** - *Dicranella riparia* (H.Lindb.) Mårtensson


Tegundin er af brúskmosaætt, Dicranaceae. Plöntur grænar, verða með aldrinum brúnleitar neðan til. Blöð upprétt eða lítið eitt útstæð, mjökka smám saman frá eggulagala grunni fram í rennulaða, allaga, tenntan framhluta. Eldri blöð eru stundum næstum heilrend en yngri blöð greinilega tennt og oftast einnig áberandi hrjúf á bakhlið í framhluta blaðs. Blöð oftast 2.0-2.5 mm löng.

Frumur í framhluta blaðs oftast 6-9 x 15-18  $\mu\text{m}$ , ferhyrndar. Frumur í blaðgrunni við rifið oftast 12-15 x 30-45  $\mu\text{m}$ , ferhyrndar.


Plöntur tvíkynja. Karlknappur í blaðöxl rétt neðan við kvenknappinn. Kvenhlifarblöð með breiðum, slíðurlaga grunni, mjökka snögglega fram í langan, allaga framhluta. Ungir gróhirslustilkar gulleitir ofan til en rauðleitir neðan til. Gamlir stilkar dökkrauðir eða svartleitir. Gróhirslustilkar oftast 8-12 mm. Gróhirsla gul eða gulbrún, bogin, með greinilegum hnúð á hálsi. Þurrar gróhirslur áberandi langskoróttar. Opkrans rauðbrunn. Tennur klofnar niður fyrir miðju, lóðrétt strikvörtóttar á ytra borði. Gró 15-20  $\mu\text{m}$ , slétt. Oftast með gróhirslum.

Vex einkum á sendnum áreyrum og snjóðældarsvæðum.


Á myndinni er sýnd planta með gróhirslu, blað og frumugerð í því og þurr, loklaus gróhirsla.



3. mynd. Þekkt útbreiðsla *Dicranella riparia*.



4. mynd. Fjallarindill - *Dicranella riparia*.



5. mynd. Þekkt útbreiðsla *Bryum axel-blyttii*.

**Peruhnokki** - *Bryum axel-blyttii* Kaurin ex H.Philib.


Tegundin er af hnokkmosaætt, Bryaceae. Plöntur rauðar. Gamlar plöntur geta orðið brúnleitar eða svartleitar. Rætlingar brúnir eða rauðbrúnir, vörtóttir. Blöð breiðeggjala eða breiðegglsulaga, með stuttum, oftast hvössum oddi, heilrend. Blaðrönd flöt í framhluta blaðs en lítillaga útundin neðst í blaði. Mjór, gulleitur jaðar úr löngum, mjóum frumum, 2-3 frumuraðir á breidd, í blaðrönd. Blaðgrunnur ekki öðru vísi litur en framhluti blaðs. Rif nokkuð breitt, oftast brúnleitt, endar í blaðenda eða rétt fyrir neðan hann.

Frumur í framhluta blaðs sexhyrndar eða tígullaga, með frekar þykkum veggjum. Frumur í blaðgrunni ferhyrndar. Frumur í framhluta blaðs nálægt rífi oft 24-30 x 50-65 µm en annars eru frumur í framhluta blaðs oftast aðeins 15-20 µm breiðar.

Plöntur tvíkynja. Karlknappur rétt neðan við kvenknappinn. Gróhirslustilkur um 15 mm langur, rauður. Gróhirsla lítil, perulaga, drúpanði. Ungar gróhirslur ljósrauðar en fullþroska gróhirslur vínrauðar. Háls stuttur, mjókkar smám saman niður að stilknum. Lok keilulaga, ytt. Yfirborðsfrumur gróhirslu með þykkum veggjum. Við gróhirsluop snúa frumur langhliðinni að opinu,. Síðan taka við næstum ferningslaga frumur sem breytast smám saman í aflangar frumur með mjög þykkum langveggjum en þynnri þverveggjum. Ytri tennur vörtóttar, rauðgular eða gulleitar neðan til en litlausar framan til. Engin göt á ytri tönnum. Þverbjálkar á innra borði beinir eða örlítið uppsveigðir í miðju. Innri krans gulleitur neðan til en litlaus framan til. Grunnhimna innan við helmingur af hæð kransins. Innri tennur langar og mjóar, með löngum, mjóum götum eftir miðju. Milliþræðir stuttir. Gró 28-32 µm, vörtótt. Oftast með gróhirslum.

Vex á sendnum áreyrum og leirkenndum tjarnarbökkum.

Á myndinni er sýnd planta með gróhirslu, blað og frumugerð í því og tvær gróhirslur. Önnur teikningin er af gróhirslu með loki en hin af gróhirslu sem hefur fellt lokið. Þar eru yfirborðsfrumur gróhirslu teiknaðar.



6. mynd. Peruhnokki - *Bryum axel-blyttii*.


**Fenjahnokki** - *Bryum neodamense* Itzigs. ex Müll.Hal.

Tegundin er af hnokkmosaett, Bryaceae. Plöntur oftast 30-60 mm langar, frekar veiklulegar, grænar ofan til en oftast brúnleitar eða svartleitar neðan til. Rætlingar brúnir, áberandi vörtóttir. Stöngull rauður eða rauðbrúnn og blaðgrunnur oft lítillaga rauðleitur. Blöð dreifstæð og jafndreifð eftir öllum stönglinum nema efst þar sem þau eru þéttari. Blaðgrunnur ekki eða aðeins mjög lítillaga niðurlheyptur. Blöð oftast 1.0-1.7 mm löng, aflangt egglega eða egglega, snubbótt eða stuttydd, kúpt og blaðendi oft hettulaga innsveigður. Blaðrönd oftast alveg flöt en stundum örliðið útundin neðst. Blöð heilrend eða svo til heilrend. Rif endar fyrir neðan blaðenda eða nær fram í hann. Í blaðrönd eru 2-5 raðir af löngum, mjóum frumum. Frumur í framhluta blaðs tigullaga, aflangt sexhyrndar eða ferhyrndar, oftast 15-25 x 35-50 µm, með þunnum veggjum. Frumur í blaðgrunni oftast ferhyrndar.


Plöntur einkynja. Hefur ekki fundist hér með gróhirslum.

Vex í mýrum, flóum og djújum.


Á myndinni er sýndur efsti hluti plöntu, blað og frumugerð í því. Horft er á efra borð blaðsins.



7. mynd. Þekkt útbreiðsla *Bryum neodamense*.



8. mynd. Fenjahnokki - *Bryum neodamense*.



9. mynd. Þekkt útbreiðsla *Leskea polycarpa*.

**Greppmosi** - *Leskea polycarpa* Hedw.


Tegundin er af greppmosaætt, Leskeaceae. Plöntur jarðlægar, frekar smáar, fjaðurgreindar eða óreglulega greinóttar, grænar, brúngrænar eða brúnar. Greinar útstæðar. Blöð upprétt eða útstæð, oftast dálítið einhliðasveigð. Blöð mjókka smám saman frá eggлага grunnni fram í yddan eða snubbóttan framhluta, oftast 0.7-0.9 mm löng. Blaðrönd flöt eða örlítið útundin allra neðst. Blöð heilrend eða fintennt. Rif einfalt, nær ekki fram í blaðenda.

Frumur svo til eins í öllu blaðinu, sexhyrndar, tigullaga eða óreglulega ferhyrndar, oftast 7-10  $\mu\text{m}$  á breidd. Frumuveggir þunnir eða frekar þykkir. Á bakhlið blaðs, yfir miðju hvernar frumu, er ein kringlótt varta.

Plöntur tvíkynja. Gróhirslustilkur rauður, oftast um 8 mm. Gróhirsla upprétt, sívöl, löng og mjó, brún. Yfirborðsfrumur gróhirslu nokkuð langar, ferhyrndar, með þunnum veggjum. Gró flest 12-15  $\mu\text{m}$ . Oftast með gróhirslum. Hér hefur aðeins verið safnað of ungum gróhirslum eða of gömlum til að unnt sé að lýsa opkransinum eða teikna hann.

Vex á rökum steinum og klettum á skuggsælum stöðum, einkum við ár og læki.

Neðst til vinstri á myndinni er sýndur fremsti hluti plöntu með tveim óþroskuðum gróhirslum. Til hægri er horft á efra borð blaðs og frumur í blaðenda sýndar. Fyrir ofan er horft á neðra borð blaðs og frumugerð í því teiknuð. Vörturnar eru sýndar. Fyrir ofan blaðið er sýndur þverskurður af blöðkufrumum. Efst til hægri er sýnd gömul gróhirsla sem hefur misst opkransinn og yfirborðsfrumur gróhirslu eru teiknaðar.



10. mynd. Greppmosi - *Leskea polycarpa*.



**Krókmosi** - *Dichelyma falcatum* (Hedw.) Myrin


Tegundin er af ármosaætt, Fontinalaceae. Allstórar plöntur, grænar eða gulbrúnar. Blöð í þrem röðum á stöngli, einhliðasveigð, lensulaga, langydd, kjöluð og samanbrotin, oftast 4-5 mm löng. Blaðrönd flöt eða örlítið útundin neðst í blaði. Rif nær oftast fram úr blöðku og myndar stuttan brodd á blöðin en endar stundum fyrir neðan blaðenda.

Frumur í blöðum mjóar og mjög langar, í blaðmiðju flestar 90-150  $\mu\text{m}$ . Frumur eru eins í öllu blaðinu að öðru leyti en því að þær eru styttri í blaðgrunni. Frumuveggir nokkuð þykkir.


Plöntur einkynja. Hefur ekki fundist hér með gróhirslum.

Vex á rökum jarðvegi. Hefur fundist hér innan um rotnandi víðilauf.

Á myndinni er sýndur fremsti hluti plöntu, tvö blöð og frumugerð í blöðum. Horft er á efra borð blaðsins til hægri en blaðið til vinstri er samanbrotið og horft er á neðri hliðina á öðrum blaðhelmingnum. Bládröndin snýr til vinstri en rífið og kjölurinn til hægri.



11. mynd. Þekkt útbreiðsla *Dichelyma falcatum*.



12. mynd. Krókmosi - *Dichelyma falcatum*.

**Engjafaxi** - *Hypnum pratense* W.Koch ex Spruce


Tegundin er af faxmosaætt, Hypnaceae. Plöntur oftast uppréttar eða uppsveigðar, litillega fjaðurgreindar, gulgrænar, nokkuð glansandi. Flest blöðin vísa til hliðar, út frá stöngli og eru sveigð að neðra borði stönguls. Sprotinn er því oftast greinilega flatur. Blöð þéttstæð, litillega kúpt, stuttydd, oftast um 2 mm. Bládrönd flöt, fíntennt framan til eða svo til ótennt. Rif stutt og klofið eða vantar alveg.

Frumur í framhluta blaðs oftast 4-5 x 40-60  $\mu\text{m}$ , í blaðmiðju oft 60-90  $\mu\text{m}$  langar. Í blaðgrunni eru frumur stuttar, stundum gulleitar við rifið, með holóttum veggjum. Hornfrumur ekki vel afmarkaðar og ekki mikið frábrugðnar öðrum frumum í blaðgrunni. Þær eru þó greinilega breiðari og með þynnri veggjum.


Plöntur einkynja. Hefur ekki verið safnað hér með gróhirslum.

Vex á rökum jarðvegi, einkum við dý.

Á myndinni er sýndur fremsti hluti plöntu, blað og frumugerð í því.



13. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hypnum pratense*.



14. mynd. Engjafaxi - *Hypnum pratense*.

## VIÐBÆTUR VIÐ NOKKRAR TEGUNDIR

*Jungermannia hyalina* Lyell - Vætubleðla


Í heftinu um blöðkumosætt (Bergþór Jóhannsson 2001) er sagt að plöntum með fósturhylkjum hafi ekki verið safnað hér. Þetta á ekki lengur við. Plöntum af þessari tegund hefur nú verið safnað hér með fósturhylkjum.

*Nardia breidleri* (Limpr.) Lindb. - Fjallanaddur

Í heftinu um bleðlumosaætt (Bergþór Jóhannsson 2001) er sagt að þessari tegund virðist ekki hafa verið safnað hér með gróhirslum. Þetta á ekki lengur við því henni hefur nú verið safnað með aragrúa af gróhirslum.

*Radula lindenbergiana* Gottsche ex C.Hartm. - Vætusepi

Sagt er í 38. hefti (Bergþór Jóhannsson 1999) að ég hafi aðeins séð frjóar kvenplöntur hér. Ég hef nú einnig séð frjóar karlplöntur.



15. mynd. Gróhirslur af *Ditrichum lineare*, *Campylopus introflexus* og *Meesia triquerta*, talið frá vinstri.

Í 19. hefti (Bergþór Jóhannsson 1991) er sagt að *Dichodontium pellucidum* (Hedw.) Schimp., glætumosi, hafi ekki fundist hér með gróhirslum. Í sama hefti er sagt að *Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid., hæruburst, hafi ekki fundist með gróhirslum hérlendis. Í 20. hefti (Bergþór Jóhannsson 1992a) er sagt að *Ditrichum lineare* (Sw.) Lindb., laugavendill, hafi ekki fundist með gróhirslum hér á landi. Í 26. hefti (Bergþór Jóhannsson 1995a) er sagt að *Meesia triquetra* (Richter) Ångstr., keldusnoppu, hafi ekki verið safnað hér með þroskuðum gróhirslum. Þessar fullyrðingar eru nú allar orðnar úreltar. Gróhirslur *Dichodontium pellucidum* eru of gamlar til að ráðlegt sé að teikna þær en gróhirslur af hinum tegundunum þrem eru sýndar á myndinni.

## BREYTINGAR INNAN BAUKMOSA FRÁ SKRÁNNI 1998

Frá skránni 1998 (Bergþór Jóhannsson 1998) hafa verið gerðar allnokkrar breytingar innan baukmosanna. Nokkrar ættkvíslir hafa verið lagðar niður, öðrum hefur verið skipt, tegundir hafa verið lagðar niður, öðrum hefur verið skipt og enn aðrar fluttar milli ættkvísla og nokkrar hafa skipt um nafn. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum. Verður hér farið eftir stafrófsröð á latneskum nöfnum í skránni frá 1998.

1. Ættkvíslinni *Anoetangium* Schwägr. hefur verið skipt. Ættkvíslin *Molendoa* Lindb. er klofin frá henni. Tegundin *Anoetangium warburgii* Crundw. et M.O.Hill er færð í *Molendoa* og heitir þar *Molendoa warburgii* (Crundw. et M.O.Hill) R.H.Zander. Ættkvíslin *Molendoa* er ný í skránni og fær nafnið hnúfmosar en tegundin fær nafnið hnúfmosi.

2. Tegundin *Brachythecium coruscum* I.Hagen er sameinuð *B. albicans* (Hedw.) Schimp. Ég fæ ekki séð að unnt sé að halda þessum tegundum aðgreindum. Ég finn engin einkenni sem eru föst. Venjulegur *B. albicans* á láglandi er auðgreindur en fjallagerðir eru afar mismunandi og finnst mér sumar þeirra ógreinanlegar með öllu frá láglandisgerðunum. Aðgreiningu hálandisgerða í tvær tegundir tel ég óraunhæfa.

3. *Bryum barnesii* Wood ex Schimp., götuhnokki, er tekin inn á skrána. Henni er lýst í 27. hefti fjölritsins sem 3. gerð af *B. bicolor* Dicks. (Bergþór Jóhannsson 1995b). Hér er Vanderpoorten & Zartman (2002) fylgt. Til viðbótar þeim einkennum sem eru nefnd í minni umfjöllun kemur að á *B. bicolor* Dicks. eru æxliknappar stakir í blaðöxlunum en á *B. barnesii* Wood ex Schimp. eru ungir knappar 2-5 eða jafnvel fleiri saman í blaðöxlum. Gamli æxliknappar á neðri hluta plantna eru þó afar líkir æxliknöppum á *B. bicolor* Dicks. og eru oft stakir í blaðöxlum.

Þarf því oftast að skoða unga knappa á efri hluta plantna til að vera viss um rétta nafngreiningu. Hvort þetta er í raun sérstök tegund eða aðeins gerð af *B. bicolor* Dicks. sem myndast þegar tegundin vex við mjög erfiðar aðstæður á eftir að koma í ljós. Surtsey og Heimaey eru einu fundarstaðir tegundarinnar hér.


4. Tegundin *Bryum bimum* (Schreb.) Turner er lögð niður og sameinuð *B. pseudotriquetrum* (Hedw.) P.Gaertn. et al. Það eru varla aðrir en mosafraeðingar frá Norðurlöndum sem reyna að halda í *B. bimum* sem tegund. Nyholm (1993) telur þetta tegund, sömuleiðis Frisvoll & al. (1995). Hinsvegar er þetta ekki talin tegund hjá t.d. Smith (1978), Corley & al. (1981), Anderson & al. (1990) eða Blockel & Long (1998). Eini öruggi munurinn á *B. bimum* og *B. pseudotriquetrum* er að hjá *B. bimum* eru egghirslur og frjóhirslur í sama knappi en plöntur *B. pseudotriquetrum* eru einkynja. Eins og sjá má hjá Nyholm (1993) er innbyrðis afstaða egghirslna og frjóhirslna mismunandi hjá sumum tegundum *Bryum* án þess að þeim sé skipt á nokkurn hátt eftir því einkenni og engum kemur til hugar að skipta *Pohlia cruda* (Hedw.) Lindb. eftir innbyrðis afstöðu egghirslna og frjóhirslna. Í Dixon & Jameson (1924) er sagt að *B. bimum* og *B. pseudotriquetrum* vaxi stundum hvor innan um aðra án þess að nokkur munur sé á þeim nema mismunandi afstaða egghirslna og frjóhirslna. Í Frey & al. (1995) er auk þess talið að þær myndi stundum kynblendinga og er þá málið farið að vandast. Í Frey & al. er sagt að með nokkurri æfingu sé unnt að greina milli þeirra á mun á blaðlögum og frumulengd í blöðum. Séu þessi einkenni borin saman á íslenskum eintökum stenst þetta engan veginn og er frekar öfugt við það sem þar er sagt. Það kemur á óvart hversu sjaldgæf tvíkynja gerðin er héraendis en þess vegna er með öllu útilokað að samanburður á íslenskum eintökum geti skorið úr um þetta vafamál. Ég tel því skynsamlegast að líta á *B. bimum* sem hluta af breytileika *B. pseudotriquetrum* sem er reyndar afar breytileg tegund.

5. Í stað *Bryum flaccidum* Brid. er hér notað nafnið *Bryum laevifilum* Syed á þráðahnokka. Er það gert í samræmi við Hodgetts (2001).

6. Tegundin *Calliergonella lindbergii* (Mitt.) Hedenäs er flutt í *Hypnum* þar sem hún hefur lengst af verið. Hún er í þessari skrá sem *Hypnum lindbergii* Mitt., sytrufaxi. Í *Calliergonella* verður þá aðeins ein tegund og fær ættkvíslin hér sitt fyrra nafn, geirmosar, og *C. cuspidata* fær aftur nafnið geirmosi. Það kann að vera að *H. lindbergii* eigi í rauninni heima í *Calliergonella* en mér gengur afar illa að venjast því að hafa hana þar. Þegar þess er gætt að það þarf hvort eð er að rannsaka betur innbyrðis skyldleika *Hypnum* tegundanna finnst mér ekki óeðlilegt að hún sé þar

áfram þar til það hefur verið gert. Af sömu ástæðu hef ég nýfundnu tegundina *H. pratense* W.Koch ex Spruce þar en ekki í sérstakri ættkvísl, *Breidleria* Loeske.

7. Ættkvíslin *Desmatodon* Brid. er lögð niður. Tegundin *D. heimii* (Hedw.) Mitt. er flutt í ættkvíslina *Hennediella* Paris. Þar heitir hún *Hennediella heimii* (Hedw.) R.H.Zander. Ættkvíslin *Hennediella* er ný í skránni og færist íslenska nafnið á *Desmatodon* yfir á hana. Tegundin heldur því sínu fyrra nafni og heitir áfram fjöruþrítill. Tegundirnar *D. cernuus* (Huebener) Bruch et Schimp. og *D. latifolius* (Hedw.) Brid. eru færðar í ættkvíslina *Tortula* Hedw. Þar heita þær *T. cernua* (Huebener) Lindb. og *T. euryphylla* R.H.Zander. Þær halda fyrri hluta íslensku nafnanna en fá nýja endingu og heita bakkasnúður og barðasnúður.



16. mynd. Smáhnubbi - *Didymodon brachyphyllus*.



8. Tegundin *Didymodon brachyphyllus* (Sull.) R.H.Zander, smáhnubbi, er tekin inn á skrána (Mogensen & Zander 1999). *D. brachyphyllus* er reyndar lýst í 21. hefti fjölrítsins (Bergþór Jóhannsson 1992b). Á síðu 64 er *D. brachyphyllus* lýst sérstaklega sem smávöxnum eintökum, með stuttum blöðum og með aragrúa af æxlikúlum í blaðöxlunum. Þetta eru helstu einkennin sem aðgreina *D. brachyphyllus* frá *D. vinealis*. Þessi gerð hefur verið nefnd *Didymodon vinealis* (Brid.) R.H.Zander var. *brachyphyllus* (Sull.) R.H.Zander en það er full ástæða til að telja þetta sérstaka tegund. Teikningarnar á síðu 67 í 21. heftinu eru af *D. brachyphyllus*, að undantekinni teikningunni neðst til hægri. Á myndinni hér er sýnd planta með gróhirslu, blöð, frumugerð og æxlikúlur úr blaðöxlum. Horft er á neðra borð efra blaðsins til hægri en á efra borð hinna.

9. Í stað *D. crispatisimum* (Müll.Hal.) Paris er notað nafnið *Ditrichum gracile* (Mitt) Kuntze á giljavendil. Er það gert í samræmi við Blockeel & Long (1998).

10. Ættkvíslin *Dryptodon* Brid. er lögð niður. Tegundin *Dryptodon patens* (Hedw.) Brid. er flutt í ættkvíslina *Grimmia* Hedw. og fær þá nafnið *G. curvata* (Brid.) De Sloover. Tegundin var upphaflega nefnd hliðagambri en í ættkvíslinni *Grimmia* er fyrir tegund sem heitir hliðaskeggi (*G. montana*). *G. curvata* verður því að fá alveg nýtt nafn. Tegundinni hefur verið valið nafnið urðaskeggi.

11. *Grimmia longirostris* Hook. er tekið upp á dalaskeggja í stað *G. affinis* Hornsch.

12. Tegundum þeim sem hingað til hafa oftast verið nefndar *Grimmia alpestris* og *G. sessitana* hefur mjög verið ruglað saman. Skilgreiningar á þessum tegundum hafa oftast verið þær sömu og fram koma hjá Greven (1995) og mörkin milli þeirra þau sömu og þar er lýst. Sú gerð sem þekktust er sem *G. subsulcata* Limpr. er þar talin til *G. sessitana*. Nyholm (1998) færir *G. subsulcata*-gerðina milli tegunda. Við það breytast mörkin milli þeirra og skilgreiningar á tegundunum breytast, sérstaklega á *G. alpestris* en Nyholm notar nafnið *G. sudetica* um þá tegund. Sé tegundaskilgreiningum hennar fylgt er mjög til þæginda að nota sömu nöfn um tegundirnar. Nafnið *G. sudetica* var því notað í skránni 1998 um þá tegund sem áður hafði verið nefnd *G. alpestris*. Muñoz (1998) hefur nýlega birt niðurstöður úr rannsóknnum sínum á þessum tegundahópi. Hann heldur *G. subsulcata*-gerðinni í *G. sessitana*. Skilgreiningar hans á þessum tveim tegundum eru því í aðalatriðum þær sömu og hjá Greven og mörkin milli þeirra sömuleiðis. Muñoz notar

önnur nöfn en Nyholm (1998) um báðar tegundirnar. Hann viðurkennir nafnið *G. alpestris* (F.Weber et D.Mohr) Schleich. sem hið eina rétta um þá tegund sem þekkt er undir því nafni en um þá tegund sem þekktust er sem *G. sessitana* notar hann *G. reflexidens* Müll.Hal. Eflaust eiga sérfræðingar eftir að deila um þessar niðurstöður. Eftir athugun á íslensku eintökunum er það ráð tekið hér að fylgja Muñoz. Jöklaskeggi sem í fyrri skrá var nefndur *G. sessitana* De Not. er hér nefndur *G. reflexidens* Müll.Hal. og fjallaskeggi sem í fyrri skrá var nefndur *G. sudetica* Schwägr. er hér nefndur *G. alpestris* (F.Weber et D.Mohr) Schleich.

13. Tegundin *Hookeria lucens* (Hedw.) Sm. er tekin inn í skrána (Ágúst H. Bjarnason 2000).

14. Ættkvíslin *Oxystegus* (Limpr.) Hilpert er lögð niður. Tegundin *O. tenuirostris* (Hook. et Taylor) A.J.E.Sm. er flutt í ættkvíslina *Trichostomum* Bruch. Þar heitir hún *T. tenuirostre* (Hook. et Taylor) Lindb. Í ættkvíslinni *Trichostomum* var aðeins ein íslensk tegund, *T. brachydontium* Bruch, og var hún nefnd stubbmosi. Með tilkomu annarrar tegundar í ættkvíslina þarf að laga það nafn. *T. brachydontium* fær nafnið fjörustubbur en *T. tenuirostre* fær nafnið gjótustubbur.

15. Í skránni frá 1998 var nafni bólsturmosa breytt úr *Plagiopus oederianus* (Sw.) H.A.Crum et L.E.Anderson í *P. oederi* (Brid.) Limpr. Þrátt fyrir að ég væri þeirrar skoðunar að fyrra nafnið væri hið rétta. Nú virðist útlit fyrir að það fáið loks almennt viðurkennt og er nafnið *P. oederianus* (Sw.) H.A.Crum et L.A.Anderson því tekið upp aftur í þessari skrá.

16. Tegundin *Rhynchostegium riparioides* (Hedw.) Cardot er flutt í ættkvíslina *Platyhypnidium* M.Fleisch. og fær nafnið vaðmosi. Í Norður-Ameríku listanum (Anderson et al. 1990) er hún höfð í *Platyhypnidium* og fjölmargir evrópskir mosafræðingar vilja nú hafa hana þar, enda er hún verulega frábrugðin a.m.k. öðrum íslenskum tegundum í *Rhynchostegium*. Hún heitir því hér *P. riparioides* (Hedw.) Dixon.

17. Ættkvíslin *Polytrichastrum* G.L.Sm. er lögð niður og tegundirnar færðar í ættkvíslina *Polytrichum* Hedw. Latnesk og íslensk nöfn þeirra verða þau sömu og voru notuð í 13. hefti þessa fjölríts (Bergþór Jóhannsson 1990). Eins og fram kemur í 36. hefti fjölrítsins (Bergþór Jóhannsson 1998) hef ég talið skiptingu *Polytrichum* í *Polytrichum* og *Polytrichastrum* óþarfa en vegna þess að hún hefur verið tekin upp í flestum nágrannalöndum taldi ég rétt að taka hana einnig upp hér.

Blockeel & Long (1998) nota þessa skiptingu ekki. Nýjustu rannsóknir (Derda et al. 1999) benda sterklega til þess að sú skipting sem notuð er í nágrannalöndunum standist í rauninni ekki. Ég tel því heppilegast að fresta því enn um sinn að fylgja nágrönnunum í þessu máli.

18. Tegundin *Polytrichastrum norvegicum* (Hedw.) Schljakov, öðru nafni *Polytrichum norvegicum* Hedw., er felld burt úr skránni. Í 36. hefti þessa fjölríts (Bergþór Jóhannsson 1998) er nokkuð rætt um þau íslensku eintök sem talin hafa verið til þessarar tegundar. Mjög skiptar skoðanir eru um hana, allt frá því að hér sé um að ræða góða og gilda tegund til þess að þetta sé aðeins vaxtargerð af *Polytrichum alpinum* Hedw. Eins og fram kemur í fyrrnefndri umfjöllun eru einnig mjög skiptar skoðanir um það hvaða nöfn eigi að nota á mismunandi smávaxnar gerðir af *P. alpinum*. Þessi gerð er áhugaverð vegna hættu á að hún sé nafngreind sem *P. sexangulare* Brid. en þrátt fyrir það er líklegast að þetta sé aðeins smávaxin og mjóslegin gerð af *P. alpinum* sem vex til fjalla á frekar skuggsælum stöðum. Eftir vandlega skoðun á fjölda eintaka hefur það orðið niðurstaða mín að alls ekki sé rétt að telja þessa gerð sérstaka tegund.

19. Ættkvíslin *Pottia* (Reichenb.) Fűrnr. er lögð niður., *P. intermedia* (Turner) Fűrnr. og *P. truncata* (Hedw.) Bruch et Schimp. eru færðar í ættkvíslina *Tortula* Hedw. Þar heita þær, í sömu röð, *T. modica* R.H.Zander og *T. truncata* (Hedw.) Mitt. Þær halda fyrrihluta íslenska nafnsins en fá nýja endingu og heita götusnúður og garðasnúður.

20. *Sanonia georgico-uncinata* (Müll.Hal.) Ochyra et Hedenäs er hér notað í stað *S. nivalis* Hedenäs samkvæmt Ochyra (1998).

21. Tegundin *Weissia wimmeriana* (Sendtn.) Bruch et Schimp. er sameinuð *W. controversa* Hedw. Eini munurinn á þessum tegundum er sá að frjóhirlurnar eru í sérstökum karlknappi fyrir neðan kvenknappinn á *W. controversa* en eru óvarðar í blaðöxlunum fyrir neðan kvenknappinn á *W. wimmeriana*. Í sumum flórum, t.d. Brotherus (1923) og Jensen (1939) kemur þó fram að *W. wimmeriana* er stundum með sérstökum karlknöppum. *W. controversa* er afar breytileg tegund og hefur afstaða egghirslna og frjóhirslna verið umdeild hjá sumum gerðum hennar, sbr. Crum & Anderson (1981). Það er vel þekkt að af sumum tegundum eru til fjallagerðir þar sem frjóhirlurnar færast nær egghirslnunum en á láglendisgerðunum. Þar sem enginn annar munur er á *W. controversa* og *W. wimmeriana* en afstaða egghirslna og frjóhirslna og sá munur er ekki einu sinni stöðugur tel ég rétt að fylgja Blockeel &

Smith (1998) og Blockeel & Long (1998) sem leggja *W. wimmeriana* niður sem sjálfstæða tegund.

## BREYTINGAR INNAN SOPPMOSA FRÁ FYRRI UMFJÖLLUN

Hér verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá umfjöllun um soppmosana í þeim heftum sem fjallað hafa sérstaklega um þá. Breytinga sem gerðar voru í þessum heftum frá skránni 1998 er getið þar og er ekki ástæða til að endurtaka þær útskýringar hér.

1. Frá 38. hefti (Bergþór Jóhannsson 1999) er gerð sú breyting að ættkvíslin *Lophocolea* (Dumort.) Dumort. er lögð niður og sameinuð ættkvíslinni *Chiloscyphus* Corda. Frisvoll & al. (1995) fara sömu leið og hér er gert, sömuleiðis Schumacker & Váña (2000). Hins vegar halda Grolle & Long (2000) og Paton (1999) *Lophocolea* sem ættkvísl. Lindamosar er valið sem nafn á ættkvíslina í viðri merkingu. Þannig halda tegundirnar úr *Lophocolea* sínu íslenska nafni en *C. polyanthos* fær nýja endingu og heitir lækjalindi. *Lophocolea bidentata* (L.) Dumort. fær nafnið *Chiloscyphus coadunatus* (Sw.) J.J.Engel et R.M.Schust. og *Lophocolea minor* Nees verður *Chiloscyphus minor* (Nees) J.J.Engel et R.M.Schust.

2. Tegundin *Chiloscyphus pallescens* (Ehrh. ex Hoffm.) Dumort. var í 38. hefti þessa fjölríts (Bergþór Jóhannsson 1999) talin sjálfstæð tegund. Ég hafði þá m.a. þennan fyrirvara á þeirri ráðstöfun "Þótt sú leið sé valin hér að meðhöndla íslensku eintökin sem tvær tegundir er ég ekki sannfærður um að það sé endilega réttara en að slá þeim saman í eina tegund." Sumir mosafræðingar vilja reyndar telja þetta fjórar tegundir en ég hef sannfærst æ betur um að skipting á *C. polyanthos* (L) Corda í fleiri tegundir sé ekki fýsilegur kostur. Mjög skiptar skoðanir eru um þetta en ég vil benda á umfjöllun Schumacker & Váña (2000) sem ég er sammála.

3. Það hefur lengi verið álitamál hvort tegundin *Leiocolea bantriensis* (Hook.) Jörg. væri í rauninni til. Ég efaðist lengi vel um að slík tegund væri til hérlandis en féllst að lokum á það og er henni lýst í 41. hefti (Bergþór Jóhannsson 2000). Nýjustu rannsóknir virðast sýna að þessi tegund sé aðeins vaxtargerð af þeirri tegund sem nú er oftast nefnd *L. collaris* (Nees) Schljakov. Eru þessar tegundir sameinaðar í nýjasta Evrópulista (Schumacker et Váña 2000). Ég tek þessari niðurstöðu fegins hendi og fylgi því fordæminu í Evrópulistanum. *L. bantriensis* (Hook.) Jörg. hefur forgang og fær tegundin því það nafn. Ég held því íslenska nafni sem *L. collaris* (Nees) Schljakov var gefið því sú gerð er

aðalgerð tegundarinnar hérlandis. Reyndar hafa mörg eintök sem talin hafa verið til *L. bantriensis* (Hook.) Jörg. reynst eiga heima í *L. gillmanii* (Austin) A.Evans.

4. Tegundin *Cephaloziella arctogena* (R.M.Schust.) Konstantinova, dalavæskill, er hér klofin frá *C. rubella* (Nees) Warnst. og talin sérstök tegund. Þetta er sú gerð sem í 41. hefti (Bergþór Jóhannsson 2000) er nefnd *C. rubella* (Nees) Warnst. ssp. *arctogena* (R.M.Schust.) R.M.Schust. et Damsh. Hún er teiknuð neðst til hægri á 91. mynd á blaðsíðu 131 í því hefti. Í nýjasta Evrópulista (Schumacker & Váña 2000) er þetta talin sérstök tegund og finnst mér sú meðhöndlun ekki óeðlileg.

## MOSASKRÁ - RÖÐUN EFTIR LATNESKUM NÖFNUM

Tegundir í skránni alls: 604

*Abietinella* Müll.Hal. - Tindilmosar  
- *abietina* (Hedw.) M.Fleisch. - Tindilmosi

*Amblyodon* Bruch et Schimp. - Dropmosar  
- *dealbatus* (Hedw.) Bruch et Schimp. - Dropmosi

*Amblystegium* Schimp. - Rytjumosar  
- *fluviatile* (Hedw.) Schimp. - Lækjarytja  
- *serpens* (Hedw.) Schimp. - Skógarytja  
- *tenax* (Hedw.) C.E.O.Jensen - Lænurytja

*Amphidium* Schimp. - Gopamosar  
- *lapponicum* (Hedw.) Schimp. - Klettagopi  
- *mougeotii* (Bruch et Schimp.) Schimp. - Gjótugopi

*Anastrophyllum* (Spruce) Steph. - Spengilmosar  
- *minutum* (Schreb.) R.M.Schust. - Vætuspengill  
- *saxicola* (Schrud.) R.M.Schust. - Urðaspengill

*Andreaea* Hedw. - Sótmosar  
- *blyttii* Schimp. - Fjallasóti  
- *rupestris* Hedw. - Holtasóti

*Aneura* Dumort. - Fleðumosar

- *pinguis* (L.) Dumort. - Fleðumosi

*Anoetangium* Schwägr. - Stúfmosar

- *aestivum* (Hedw.) Mitt. - Fagurstúfur

*Anomobryum* Schimp. - Bjartmosar

- *julaceum* (P.Gaertn. et al.) Schimp. - Bjartmosi

*Anomodon* Hook. et Taylor - Tæfilmósar

- *attenuatus* (Hedw.) Huebener - Hlíðatæfill

- *viticulosus* (Hedw.) Hook. et Taylor - Brekkutæfill

*Anthelia* (Dumort.) Dumort. - Hélumosar

- *julacea* (L.) Dumort. - Vætluhéla

- *juratzkana* (Limpr.) Trevis. - Heiðahéla

*Antitrichia* Brid. - Hraukmosar

- *curtipendula* (Hedw.) Brid. - Hraukmosi

*Aongstroemia* Bruch et Schimp. - Örmósar

- *longipes* (Sommerf.) Bruch et Schimp. - Örmosi

*Archidium* Brid. - Slæðumosar

- *alternifolium* (Hedw.) Schimp. - Slæðumosi

*Arctoa* Bruch et Schimp. - Totamosar

- *anderssonii* Wichura - Klettatoti

- *fulvella* (Dicks.) Bruch et Schimp. - Rindatoti

*Asterella* P.Beauv. - Kögurmosar

- *gracilis* (F.Weber) Underw. - Hlíðakögri

*Atrichum* P.Beauv. - Randamosar

- *angustatum* (Brid.) Bruch et Schimp. - Laugarandi

- *tenellum* (Röhl.) Bruch et Schimp. - Dvergrandi

- *undulatum* (Hedw.) P.Beauv. - Bylgjurandi

*Aulacomnium* Schwägr. - Kollmosar

- *palustre* (Hedw.) Schwägr. - Bleikjukollur

- *turgidum* (Wahlenb.) Schwägr. - Bústinkollur

*Barbilophozia* Loeske - Larfamosar

- *atlantica* (Kaal.) Müll.Frib. - Holtalarfi
- *barbata* (Schmidel ex Schreb.) Loeske - Brekkularfi
- *floerkei* (F.Weber et D.Mohr) Loeske - Heiðalarfi
- *hatcheri* (A.Evans) Loeske - Urðalarfi
- *kunzeana* (Huebener) Müll.Frib. - Mýralarfi
- *lycopodioides* (Wallr.) Loeske - Lautalarfi
- *quadriloba* (Lindb.) Loeske - Vætularfi

*Barbula* Hedw. - Skrýfilmósar

- *unguiculata* Hedw. - Götuskrýfill

*Bartramia* Hedw. - Strýmosar

- *breviseta* Lindb. - Strandastrý
- *ithyphylla* Brid. - Barðastrý

*Blasia* L. - Blettamosar

- *pusilla* L. - Blettamosi

*Blepharostoma* (Dumort.) Dumort. - Hýmosar

- *trichophyllum* (L.) Dumort. - Hýmosi

*Blindia* Bruch et Schimp. - Almosar

- *acuta* (Hedw.) Bruch et Schimp. - Almosi

*Brachythecium* Schimp. - Lokkmosar

- *albicans* (Hedw.) Schimp. - Götulokkur
- *collinum* (Müll.Hal.) Schimp. - Holtalokkur
- *glaciale* Schimp. - Lautalokkur
- *glareosum* (Spruce) Schimp. - Giljalokkur
- *latifolium* Kindb. - Vætulokkur
- *mildeanum* (Schimp.) Schimp. ex Milde - Bleytulokkur
- *plumosum* (Hedw.) Schimp. - Lænulokkur
- *populeum* (Hedw.) Schimp. - Klettalokkur
- *reflexum* (Starke) Schimp. - Urðalokkur
- *rivulare* Schimp. - Lækjalokkur
- *rutabulum* (Hedw.) Schimp. - Engjalokkur
- *salebrosum* (F.Weber et D.Mohr) Schimp. - Brekkulokkur
- *starkei* (Brid.) Schimp. - Gjótulokkur
- *turgidum* (Hartm.) Kindb. - Lindalokkur
- *velutinum* (Hedw.) Schimp. - Lurkalokkur

*Bryoerythrophyllum* P.C.Chen - Sokkmosar  
 - *ferruginascens* (Stirt.) Giacom. - Brúnsokki  
 - *recurvirostrum* (Hedw.) P.C.Chen - Ryðsokki

*Bryoxiphium* Mitt. - Sverðmosar  
 - *norvegicum* (Brid.) Mitt. - Sverðmosi

*Bryum* Hedw. - Hnokkmosar  
 - *acutiforme* Limpr. - Roðahnokki  
 - *algovicum* Sendtn. ex Müll.Hal. - Hagahnokki  
 - *archangelicum* Bruch et Schimp. - Rindahnokki  
 - *arcticum* (R.Br.) Bruch et Schimp. - Heiðahnokki  
 - *argenteum* Hedw. - Silfurhnokki  
 - *axel-blyttii* Kaurin ex H.Philib. - Peruhnokki  
 - *barnesii* Wood ex Schimp. - Eyjahnokki  
 - *bicolor* Dicks. - Götuhnokki  
 - *bryoides* (R.Br.) Ångstr. - Seytluhnokki  
 - *caespiticium* Hedw. - Skógahnokki  
 - *calophyllum* R.Br. - Sandhnokki  
 - *capillare* Hedw. - Skrúfhnokki  
 - *creberrimum* Taylor - Deigluhnokki  
 - *cryophilum* Mårtensson - Jöklahnokki  
 - *curvatum* Kaurin et Arnell - Giljahnokki  
 - *elegans* Nees ex Brid. - Holtahnokki  
 - *imbricatum* (Schwägr.) Bruch et Schimp. - Barðahnokki  
 - *intermedium* (Brid.) Blandow - Hjallahnokki  
 - *klinggraeffii* Schimp. - Laugahnokki  
 - *knowltonii* Barnes - Pollahnokki  
 - *laevifilum* Syed - Þráðahnokki  
 - *longisetum* Blandow ex Schwägr. - Fláahnokki  
 - *marratii* Hook.f. et Wilson - Strandhnokki  
 - *muehlenbeckii* Bruch et Schimp. - Skrauthnokki  
 - *neodamense* Itzigs. ex Müll.Hal. - Fenjahnokki  
 - *nitidulum* Lindb. - Smáhnokki  
 - *pallens* Sw. - Sytruhnokki  
 - *pallescens* Schleich. ex Schwägr. - Gljúfrahnokki  
 - *pseudotriquetrum* (Hedw.) P.Gaertn. et al. - Kelduhnokki  
 - *purpurascens* (R.Br.) Bruch et Schimp. - Fjallahnokki  
 - *rutilans* Brid. - Klettahnokki  
 - *salinum* I.Hagen ex Limpr. - Fjöruhnokki  
 - *sauteri* Bruch et Schimp. - Ylhnokki  
 - *schleicheri* Lam. et DC. - Lækjahnokki  
 - *subapiculatum* Hampe - Hverahnokki



- *tenuisetum* Limpr. - Gullhnokki
- *vernigerum* Arnell et C.E.O.Jensen - Dverghnokki
- *violaceum* Crundw. et Nyholm - Fjólunokki
- *warneum* (Röhl.) Brid. - Bakkahnokki
- *weigeli* Spreng. - Dýjahnokki

- Calliergon* (Sull.) Kindb. - Hrókmosar
- *cordifolium* (Hedw.) Kindb. - Vætuhrókur
- *giganteum* (Schimp.) Kindb. - Tjarnahrókur
- *richardsonii* (Mitt.) Kindb. - Flóahrókur

- Calliergonella* Loeske - Geirmosar
- *cuspidata* (Hedw.) Loeske - Geirmosi

- Calypogeia* Raddi - Gyrðilmosar
- *fissa* (L.) Raddi - Engjagyrðill
- *muelleriana* (Schiffn.) Müll.Frib. - Laugagyrðill
- *sphagnicola* (Arnell et J.Perss.) Warnst. et Loeske - Mýragyrðill

- Campyliadelphus* (Kindb.) R.S.Chopra - Tjásumosar
- *chrysophyllus* (Brid.) Kanda - Klettatjása
- *elodes* (Lindb.) Kanda - Pollatjása

- Campylium* (Sull.) Mitt. - Brandmosar
- *laxifolium* Engelm. et Hedenäs - Fjallabrandur
- *protensum* (Brid.) Kindb. - Giljabrandur
- *stellatum* (Hedw.) J.Lange et C.E.O.Jensen - Mýrabrandur

- Campylopus* Brid. - Burstamosar
- *flexuosus* (Hedw.) Brid. - Hveraburst
- *introflexus* (Hedw.) Brid. - Hæruburst
- *pyriformis* (Schultz) Brid. - Laugaburst
- *schimperi* Milde - Deigluburst
- *subulatus* Schimp. - Melaburst

- Catoscopium* Brid. - Perlumosar
- *nigritum* (Hedw.) Brid. - Mýraperla

- Cephalozia* (Dumort.) Dumort. - Krýlmosar
- *ambigua* C.Massal. - Fjallakrýli
- *bicuspidata* (L.) Dumort. - Vætukrýli
- *pleniceps* (Austin) Lindb. - Heiðakrýli

- Cephaloziella* (Spruce) Schiffn. - Væskilmosar  
 - *arctogena* (R.M.Schust.) Konstantinova - Dalavæskill  
 - *dentata* (Raddi) Steph. - Hveravæskill  
 - *divaricata* (Sm.) Schiffn. - Urðavæskill  
 - *hampeana* (Nees) Schiffn. - Vætuvæskill  
 - *integerrima* (Lindb.) Warnst. - Vegavæskill  
 - *massalongi* (Spruce) Müll.Frib. - Skriðuvæskill  
 - *rubella* (Nees) Warnst. - Móavæskill  
 - *spinigera* (Lindb.) Warnst. - Mýravæskill  
 - *varians* (Gottsche) Steph. - Fjallavæskill

- Ceratodon* Brid. - Hlaðmosar  
 - *purpureus* (Hedw.) Brid. - Hlaðmosi

- Chiloscyphus* Corda - Lindamosar  
 - *coadunatus* (Sw.) J.J.Engel et R.M.Schust. - Engjalindi  
 - *minor* (Nees) J.J.Engel et R.M.Schust. - Kornalindi  
 - *polyanthos* (L.) Corda - Lækjalindi

- Cinclidium* Sw. - Depilmosar  
 - *stygium* Sw. - Keldudepill  
 - *subrotundum* Lindb. - Fenjadepill

- Cirriphyllum* Grout - Broddmosar  
 - *cirrosum* (Schwägr.) Grout - Urðabroddur  
 - *crassinervium* (Wilson) Loeske et M.Fleisch. - Bakkabroddur  
 - *piliferum* (Hedw.) Grout - Engjabroddur

- Cladopodiella* H.Buch - Dyndilmosar  
 - *francisci* (Hook.) Jörg. - Volgrudyndill

- Climacium* F.Weber et D.Mohr - Krónumosar  
 - *dendroides* (Hedw.) F.Weber et D.Mohr - Krónumosi

- Conardia* H.Rob. - Vogmosar  
 - *compacta* (Müll.Hal.) H.Rob. - Vogmosi

- Conocephalum* Hill - Flekkmosar  
 - *conicum* (L.) Dumort. - Flekkmosi

- Conostomum* Sw. - Þófamosar  
 - *tetragonum* (Hedw.) Lindb. - Heiðarþófi

*Cratoneuron* (Sull.) Spruce - Rekjumosar  
 - *filicinum* (Hedw.) Spruce - Rekjumosi

*Ctenidium* (Schimp.) Mitt. - Glæsimosar  
 - *molluscum* (Hedw.) Mitt. - Urðaglæsa

*Cynodontium* Schimp. - Viskmosar  
 - *jenneri* (Schimp.) Stirt. - Urðavisk  
 - *strumiferum* (Hedw.) Lindb. - Klettavisk

*Cyrtomnium* K.A.Holmen - Glærumosar  
 - *hymenophylloides* (Huebener) T.J.Kop. - Blámaglæra

*Dichelyma* Myrin - Krókmosar  
 - *falcatum* (Hedw.) Myrin - Krókmosi

*Dichodontium* Schimp. - Glætumosar  
 - *pellucidum* (Hedw.) Schimp. - Glætumosi

*Dicranella* (Müll.Hal.) Schimp. - Rindilmosar  
 - *cerviculata* (Hedw.) Schimp. - Skurðarindill  
 - *crispa* (Hedw.) Schimp. - Rákarindill  
 - *grevilleana* (Brid.) Schimp. - Flagarindill  
 - *heteromalla* (Hedw.) Schimp. - Hverarindill  
 - *palustris* (Dicks.) Crundw. ex E.F.Warb. - Lindarindill  
 - *riparia* (H.Lindb.) Mårtensson et Nyholm - Fjallarindill  
 - *rufescens* (Dicks.) Schimp. - Roðarindill  
 - *schreberiana* (Hedw.) Dixon - Væturindill  
 - *subulata* (Hedw.) Schimp. - Heiðarindill  
 - *varia* (Hedw.) Schimp. - Laugarindill

*Dicranoweisia* Lindb. ex Milde - Kármosar  
 - *crispula* (Hedw.) Milde - Kármosi

*Dicranum* Hedw. - Brúskmosar  
 - *acutifolium* (Lindb. et Arnell) C.E.O.Jensen - Hlíðabrúskur  
 - *angustum* Lindb. - Vætubrúskur  
 - *bonjeanii* De Not. Mýrabrúskur  
 - *elongatum* Schleich. ex Schwágr. - Engjabrúskur  
 - *flexicaule* Brid. - Holtabrúskur  
 - *fuscescens* Sm. - Runnabrúskur  
 - *laevidens* R.S.Williams - Fjallabrúskur  
 - *majus* Sm. - Fagurbrúskur

- *scoparium* Hedw. - Móabrúskur
- *spadiceum* J.E.Zetterst. - Hagabrúskur
- *tauricum* Sapjegin - Fauskabrúskur

*Didymodon* Hedw. - Hnubbmosar

- *asperifolius* (Mitt.) H.A.Crum et al. - Heiðahnubbi
- *brachyphyllus* (Sull.) R.H.Zander - Smáahnubbi
- *fallax* (Hedw.) R.H.Zander - Vætuahnubbi
- *ferrugineus* (Schimp. ex Besch.) M.O.Hill - Giljahnumbi
- *icmadophilus* (Schimp. ex Müll.Hal.) K.Saito - Broddhnumbi
- *insulanus* (De Not.) M.O.Hill - Gljúfrahnumbi
- *rigidulus* Hedw. - Veggjahnumbi
- *tophaceus* (Brid.) Lisa - Laugahnubbi
- *vinealis* (Brid.) R.H.Zander - Klettahnubbi

*Diphyscium* D.Mohr - Hnotmosar

- *foliosum* (Hedw.) D.Mohr - Hnotmosi

*Diplophyllum* (Dumort.) Dumort. - Flipamosar

- *albicans* (L.) Dumort. - Urðaflipi
- *obtusifolium* (Hook.) Dumort. - Gjótuflipi
- *taxifolium* (Wahlenb.) Dumort. - Heiðaflipi

*Distichium* Bruch et Schimp. - Mækimosar

- *capillaceum* (Hedw.) Bruch et Schimp. - Þráðmækir
- *inclinatum* (Hedw.) Bruch et Schimp. - Lotmækir

*Ditrichum* Hampe - Vendilmosar

- *cylindricum* (Hedw.) Grout - Götuvendill
- *flexicaule* (Schwägr.) Hampe - Hagavendill
- *gracile* (Mitt.) Kuntze - Giljavendill
- *heteromallum* (Hedw.) E.Britton - Skurðvendill
- *lineare* (Sw.) Lindb. - Laugavendill
- *pusillum* (Hedw.) Hampe - Flagavendill
- *zonatum* (Brid.) Braithw. - Klettavendill

*Drepanocladus* (Müll.Hal.) G.Roth - Lufsumosar

- *aduncus* (Hedw.) Warnst. - Pollalufsa
- *polygamus* (Schimp.) Hedenäs - Fitjalufsa
- *sordidus* (Müll.Hal.) Hedenäs - Keldulufsa

*Encalypta* Hedw. - Klukkumosar  
 - *alpina* Sm. - Fjallaklukka  
 - *brevipes* Schljakov - Hærukluokka  
 - *ciliata* Hedw. - Kögurklukka  
 - *procera* Bruch - Hulduklukka  
 - *rhaptoarpa* Schwägr. - Álfakluokka  
 - *streptocarpa* Hedw. - Skessukluokka

*Entodon* Müll.Hal. - Röðulmosar  
 - *concinus* (De Not.) Paris - Röðulmosi

*Entosthodon* Schwägr. - Setmosar  
 - *attenuatus* (Dicks.) Bryhn - Laugaseti  
 - *obtusus* (Hedw.) Lindb. - Hveraseti

*Ephemerum* Hampe - Dægurmosar  
 - *serratum* (Hedw.) Hampe - Dægurmosi

*Eremonotus* Lindb. et Kaal. ex Pearson - Strengmosar  
 - *myriocarpus* (Carrington) Pearson - Strengmosi

*Eurhynchium* Schimp. - Sporamosar  
 - *hians* (Hedw.) Sande Lac. - Vætuspori  
 - *praelongum* (Hedw.) Schimp. - Engjaspori  
 - *pulchellum* (Hedw.) Jenn. - Heiðaspori  
 - *striatum* (Hedw.) Schimp. - Giljaspori

*Fissidens* Hedw. - Fjöðurmosar  
 - *adanthoides* Hedw. - Mýrfjöður  
 - *bryoides* Hedw. - Dvergjöður  
 - *dubius* P.Beauv. - Hraunjöður  
 - *gracilifolius* Brugg.-Nan. et Nyholm - Hellafjöður  
 - *osmundoides* Hedw. - Vætufjöður  
 - *pusillus* (Wilson) Milde - Lækjafjöður

*Fontinalis* Hedw. - Ármosar  
 - *antipyretica* Hedw. - Ármosi

*Fossombronia* Raddi - Skrúðmosar  
 - *foveolata* Lindb. - Laugaskrúð  
 - *wondraczekii* (Corda) Lindb. - Flagaskrúð

*Frullania* Raddi - Krúsmosar

- *dilatata* (L.) Dumort. - Hjálmkrýsill
- *fragilifolia* (Taylor) Gottsche et al. - Skorukrýsill
- *tamarisci* (L.) Dumort. - Klettakrýsill

*Funaria* Hedw. - Bólmosar

- *hygrometrica* Hedw. - Bólmosi

*Glyphomitrium* Brid. - Hnyðrumosar

- *daviesii* (Dicks.) Brid. - Hnyðrumosi

*Grimmia* Hedw. - Skeggmosar

- *alpestris* (F.Weber et D.Mohr) Schleich. - Fjallaskeggi
- *anomala* Hampe ex Schimp. - Dílaskkeggi
- *curvata* (Brid.) De Sloover - Urðaskkeggi
- *donniana* Sm. - Holtaskkeggi
- *elongata* Kaulf. - Brúnskeggi
- *funalis* (Schwägr.) Bruch et Schimp. - Snúinskeggi
- *longirostris* Hook. - Dalaskkeggi
- *montana* Bruch et Schimp. - Hlíðaskkeggi
- *ovalis* (Hedw.) Lindb. - Bakkaskkeggi
- *plagiopodia* Hedw. - Veggjaskeggi
- *reflexidens* Müll.Hal. - Jöklaskeggi
- *torquata* Hornsch. ex Grev. - Hrokkinskeggi

*Gymnocolea* (Dumort.) Dumort. - Slyðrumosar

- *inflata* (Huds.) Dumort. - Laugaslyðra

*Gymnomitrium* Corda - Kólfmosar

- *apiculatum* (Schiffn.) Müll.Frib. - Brúnkólfur
- *concinatum* (Lightf.) Corda - Grænkólfur
- *coralloides* Nees - Grákólfur

*Gymnostomum* Nees ex Hornsch. - Staukmosar

- *aeruginosum* Sm. - Staukmosi

*Gyroweisia* Schimp. - Loðmosar

- *tenuis* (Hedw.) Schimp. - Loðmosi

*Haplomitrium* Nees - Serkmosar

- *hookeri* (Sm.) Nees - Serkmosi

*Harpanthus* Nees - Fölmosar

- *flotovianus* (Nees) Nees - Lindafölvi

*Hedwigia* P.Beauv. - Brámosar

- *stellata* Hedenäs - Brámosi

*Helodium* Warnst. - Kambmosar

- *blandowii* (F.Weber et D.Mohr) Warnst. - Lindakambur

*Hennediella* Paris - Trítillmosar

- *heimii* (Hedw.) R.H.Zander - Fjörutritill

*Herbertus* Gray - Klaufmosar

- *stramineus* (Dumort.) Trevis. - Klaufmosi

*Heterocladium* Schimp. - Þvengmosar

- *dimorphum* (Brid.) Schimp. - Móaþvengur

*Homalia* (Brid.) Schimp. - Skræðumosar

- *trichomanoides* (Hedw.) Schimp. - Skræðumosi

*Homalothecium* Schimp. - Prúðmosar

- *lutescens* (Hedw.) H.Rob. - Brekkuprúði

- *sericeum* (Hedw.) Schimp. - Klettaprúði

*Hookeria* Sm. - Glómosar

- *lucens* (Hedw.) Sm. - Glómosi

*Hygrobrella* Spruce - Angamosar

- *laxifolia* (Hook.) Spruce - Angamosi

*Hygrohypnum* Lindb. - Lúðamosar

- *alpestre* (Hedw.) Loeske - Dalalúði

- *alpinum* (Lindb.) Loeske - Fjallalúði

- *duriusculum* (De Not.) Jamieson - Lænulúði

- *luridum* (Hedw.) Jenn. - Sytrulúði

- *molle* (Hedw.) Loeske - Bakkalúði

- *ochraceum* (Turner ex Wilson) Loeske - Lækjalúði

- *polare* (Lindb.) Loeske - Nepjulúði

- *smithii* (Sw.) Broth. - Flúðalúði

- *styriacum* (Limpr.) Broth. - Heiðalúði

*Hylocomiastrum* Broth. - Stigmosar  
 - *pyrenaicum* (Spruce) M.Fleisch. - Stigmosi

*Hylocomium* Schimp. - Tildurmosar  
 - *splendens* (Hedw.) Schimp. - Tildurmosi

*Hymenostylium* Brid. - Lokmosar  
 - *recurvirostrum* (Hedw.) Dixon - Lokmosi

*Hypnum* Hedw. - Faxmosar  
 - *bambergeri* Schimp. - Vætufaxi  
 - *callichroum* Brid. - Gjótufoxi  
 - *cupressiforme* Hedw. - Holtafaxi  
*incurvata* (Hedw.) E.Lawton - Urðaleskja  
*radicosa* (Mitt.) Mönk. - Lautaleskja  
*plicata* (F.Weber et D.Mohr) Broth. - Hrukkuleskja  
*saxicola* (Schimp.) Milde - Skriðuleskja  
Pterigymandraceae Schimp. - Voðmosaætt  
*Pterigynandrum* Hedw. - Voðmosar  
*filiforme* Hedw. - Voðmosi  
*Heterocladium* Schimp. - Þvengmosar  
*dimorphum* (Brid.) Schimp. - Móaþvengur  
Thuidiaceae Schimp. - Flosmosaætt  
*Abietinella* Müll.Hal. - Tindilmosar  
*abietina* (Hedw.) M.Fleisch. - Tindilmosi  
*Thuidium* Schimp. - Flosmosar  
*tamariscinum* (Hedw.) Schimp. - Brekkuflos  
*delicatulum* (Hedw.) Mitt. - Engjaflos  
*philibertii* Limpr. - Hjallaflos  
*recognitum* (Hedw.) Lindb. - Hliðaflos  
Helodiaceae (M.Fleisch.) Ochyra - Kambmosaætt  
*Helodium* Warnst. - Kambmosar  
*blandowii* (F.Weber et D.Mohr) Warnst. - Lindakambur  
*Palustriella* Ochyra - Skrápmosar  
*commutata* (Hedw.) Ochyra - Flúðaskrápur  
*falcata* (Brid.) Hedenäs - Kelduskrápur  
*decipiens* (De Not.) Ochyra - Lindaskrápur  
Amblystegiaceae G.Roth - Rytjumosaætt  
*Amblystegium* Schimp. - Rytjumosar

- serpens* (Hedw.) Schimp. - Skógarytja  
*fluviatile* (Hedw.) Schimp. - Lækjarytja  
*tenax* (Hedw.) C.E.O.Jensen - Lænurytja  
*Leptodictyum* (Schimp.) Warnst. - Læpumosar  
*riparium* (Hedw.) Warnst. - Pollalæpa  
*Cratoneuron* (Sull.) Spruce - Rekjumosar  
*filicinum* (Hedw.) Spruce - Rekjumosi  
*Campylium* (Sull.) Mitt. - Brandmosar  
*stellatum* (Hedw.) J.Lange et C.E.O.Jensen - Mýrabrandur  
*protensum* (Brid.) Kindb. - Giljabrandur  
*laxifolium* Engelm. et Hedenäs - Fjallabrandur  
*Campyliadelphus* (Kindb.) R.S.Chopra - Tjásumosar  
*chrysophyllus* (Brid.) Kanda - Klettatjása  
*elodes* (Lindb.) Kanda - Pollatjása  
*Conardia* H.Rob. - Vogmosar  
*compacta* (Müll.Hal.) H.Rob. - Vogmosi  
*Warnstorfia* Loeske - Klómosar  
*fluitans* (Hedw.) Loeske - Síkjakló  
*exannulata* (Schimp.) Loeske - Lindakló  
*tundrae* (Arnell) Loeske - Keldukló  
*sarmentosa* (Wahlenb.) Hedenäs - Roðakló  
*Drepanocladus* (Müll.Hal.) G.Roth - Lufsumosar  
*polygamus* (Schimp.) Hedenäs - Fitjalufsa  
*aduncus* (Hedw.) Warnst. - Pollalufsa  
*sordidus* (Müll.Hal.) Hedenäs - Keldulufsa  
*Tomentypnum* Loeske - Lémosar  
*nitens* (Hedw.) Loeske - Lémosi  
*Sanionia* Loeske - Sigðmosar  
*uncinata* (Hedw.) Loeske - Móasigð  
*orthothecioides* (Lindb.) Loeske - Brekkusigð  
*georgico-uncinata* (Müll.Hal.) Ochyra et Hedenäs  
 - Fjallasigð  
*Hygrohypnum* Lindb. - Lúðamosar  
*ochraceum* (Turner ex Wilson) Loeske - Lækjalúði  
*polare* (Lindb.) Loeske - Nepjulúði  
*turidum* (Hedw.) Jenn. - Sytrulúði  
*styriacum* (Limpr.) Broth. - Heiðalúði  
*alpestre* (Hedw.) Loeske - Dalalúði  
*duriusculum* (De Not.) Jamieson - Lænulúði  
*molle* (Hedw.) Loeske - Bakkalúði  
*alpinum* (Lindb.) Loeske - Fjallalúði  
*smithii* (Sw.) Broth. - Flúðalúði  
*Scorpidium* (Schimp.) Limpr. - Krækjumosar

- scorpioides* (Hedw.) Limpr. - Tjarnakrækja  
*revolvens* (Sw.) Rubers - Mýrakrækja  
*cossonii* (Schimp.) Hedenäs - Lindakrækja  
*Pseudocalliergon* (Limpr.) Loeske - Doppumosar  
*angustifolium* Hedenäs - Hlíðadoppa  
*lycopodioides* (Brid.) Hedenäs - Digurdoppa  
*turgescens* (T.Jensen) Loeske - Búldudoppa  
*trifarium* (F.Weber et D.Mohr) Loeske - Stafdoppa  
*Loeskyppnum* H.K.G.Paul - Hómosar  
*badium* (Hartm.) H.K.G.Paul - Hómosi  
*Calliergon* (Sull.) Kindb. - Hrókmosar  
*cordifolium* (Hedw.) Kindb. - Vætuhrókur  
*giganteum* (Schimp.) Kindb. - Tjarnahrókur  
*richardsonii* (Mitt.) Kindb. - Flóahrókur  
*Straminergon* Hedenäs - Seilmosar  
*stramineum* (Brid.) Hedenäs - Seilmosi  
 Brachytheciaceae G.Roth - Lokkmosaætt  
*Isothecium* Brid. - Skúfmosar  
*myosuroides* Brid. - Gjótaskúfur  
*alopecuroides* (Dubois) Isov. - Drangaskúfur  
*Homalothecium* Schimp. - Prúðmosar  
*sericeum* (Hedw.) Schimp. - Klettaprýði  
*lutescens* (Hedw.) H.Rob. - Brekkuprýði  
*Brachythecium* Schimp. - Lokkmosar  
*albicans* (Hedw.) Schimp. - Götulokkur  
*glareosum* (Spruce) Schimp. - Giljalokkur  
*salebrosum* (F.Weber et D.Mohr) Schimp. - Brekkulokkur  
*mildeanum* (Schimp.) Schimp. ex Milde - Bleytulokkur  
*turgidum* (Hartm.) Kindb. - Lindalokkur  
*rutabulum* (Hedw.) Schimp. - Engjalokkur  
*rivulare* Schimp. - Lækjalokkur  
*starkei* (Brid.) Schimp. - Gjótulokkur  
*glaciale* Schimp. - Lautalokkur  
*latifolium* Kindb. - Vætulokkur  
*collinum* (Müll.Hal.) Schimp. - Holtalokkur  
*reflexum* (Starke) Schimp. - Urðalokkur  
*velutinum* (Hedw.) Schimp. - Lurkalokkur  
*populeum* (Hedw.) Schimp. - Klettalokkur  
*plumosum* (Hedw.) Schimp. - Lænulokkur  
*Pseudoscleropodium* (Limpr.) M.Fleisch. ex Broth. - Döggmosar  
*purum* (Hedw.) M.Fleisch. ex Broth. - Döggmosi  
*Cirriphyllum* Grout - Broddmosar  
*piliferum* (Hedw.) Grout - Engjabroddur



- cirrosium* (Schwägr.) Grout - Urðabroddur  
*crassinervium* (Wilson) Loeske et M.Fleisch.  
 - Bakkabroddur  
*Rhynchostegium* Schimp. - Snápmosar  
   *murale* (Hedw.) Schimp. - Veggjasnápur  
   *confertum* (Dicks.) Schimp. - Klettasnápur  
*Platyhypnidium* M.Fleisch. - Vaðmosar  
   *riparioides* (Hedw.) Dixon - Vaðmosi  
*Eurhynchium* Schimp. - Sporamosar  
   *striatum* (Hedw.) Schimp. - Giljaspori  
   *pulchellum* (Hedw.) Jenn. - Heiðaspori  
   *praelongum* (Hedw.) Schimp. - Engjaspori  
   *hians* (Hedw.) Sande Lac. - Vætuspori  
 Plagiotheciaceae (Broth.) M.Fleisch. - Glitmosaætt  
   *Plagiothecium* Schimp. - Glitmosar  
     *denticulatum* (Hedw.) Schimp. - Brekkuglit  
     *cavifolium* (Brid.) Z.Iwats. - Holtaglit  
     *succulentum* (Wilson) Lindb. - Urðaglit  
   *Pseudotaxiphyllum* Z.Iwats. - Blikmosar  
     *elegans* (Brid.) Z.Iwats. - Blikmosi  
   *Isopterygiopsis* Z.Iwats. - Ljómamosar  
     *pulchella* (Hedw.) Z.Iwats. - Klettaljómi  
   *Platydictya* Berk. - Fismosar  
     *jungermanniioides* (Brid.) H.A.Crum - Fismosi  
   *Myurella* Schimp. - Reimamosar  
     *julacea* (Schwägr.) Schimp. - Syllureim  
     *tenerrima* (Brid.) Lindb. - Giljareim  
   *Orthothecium* Schimp. - Sindurmosar  
     *rufescens* (Brid.) Schimp. - Gjótusindri  
     *chryseon* (Schwägr.) Schimp. - Hlíðasindri  
     *strictum* Lor. - Hjallasindri  
     *intricatum* (Hartm.) Schimp. - Klettasindri  
 Fontinalaceae Schimp. - Ármosaætt  
   *Fontinalis* Hedw. - Ármosar  
     *antipyretica* Hedw. - Ármosi  
   *Dichelyma* Myrin - Krókmosar  
     *falcatum* (Hedw.) Myrin - Krókmosi  
 Entodontaceae Kindb. - Röðulmosaætt  
   *Entodon* Müll.Hal. - Röðulmosar  
     *concinus* (De Not.) Paris - Röðulmosi  
 Climaciaceae Kindb. - Krónumosætt  
   *Climacium* F.Weber et D.Mohr - Krónumosar  
     *dendroides* (Hedw.) F.Weber et D.Mohr - Krónumosi

## Hypnaceae Schimp. - Faxmosaætt

*Taxiphyllum* M.Fleisch. - Skjómamosar*wissgrillii* (Garov.) Wijk et Margad. - Hellaskjómi*Hypnum* Hedw. - Faxmosar*revolutum* (Mitt.) Lindb. - Melafaxi*vaucheri* Lesq. - Drangafaxi*cupressiforme* Hedw. - Holtafaxi*lacunosum* (Brid.) Hoffm. ex Brid. - Hólafaxi*resupinatum* Taylor - Gljáfaxi*jutlandicum* K.A.Holmen et E.Warncke - Laugafaxi*bambergeri* Schimp. - Vætufaxi*hamulosum* Schimp. - Klettafaxi*callichroum* Brid. - Gjótufoxi*pratense* W.Koch ex Spruce - Engjafaxi*lindbergii* Mitt. - Sytrufaxi*Calliergonella* Loeske - Geirmosar*cuspidata* (Hedw.) Loeske - Geirmosi*Ctenidium* (Schimp.) Mitt. - Glæsimosar*molluscum* (Hedw.) Mitt. - Urðaglæsa

## Leucodontaceae Schimp. - Skottmosaætt

*Leucodon* Schwägr. - Skottmosar*sciuroides* (Hedw.) Schwägr. - Skottmosi*Antitrichia* Brid. - Hraukmosar*curtipendula* (Hedw.) Brid. - Hraukmosi*Pterogonium* Sw. - Sveigmosar*gracile* (Hedw.) Sm. - Sveigmosi

## Neckeraceae Schimp. - Næfurmosaætt

*Neckera* Hedw. - Næfurmosar*crispa* Hedw. - Hrukkunæfur*complanata* (Hedw.) Huebener - Skorunæfur*Homalia* (Brid.) Schimp. - Skræðumosar*trichomanoides* (Hedw.) Schimp. - Skræðumosi*Thamnobryum* Nieuwl. - Fossmosar*alopecurum* (Hedw.) Gangulee - Fossmosi

## Anomodontaceae Kindb. - Tæfilmosaætt

*Anomodon* Hook. et Taylor - Tæfilmosar*attenuatus* (Hedw.) Huebener - Hlíðataæfill*viticulosus* (Hedw.) Hook. et Taylor - Brekkutæfill

**FLOKKAR, SYRPUR OG ÆTTBÁLKAR**

Hér er sýnt yfirlit yfir stóru einingarnar, fylkingar, flokka og ættbálka. Frá skránni í kerfisröðuninni er bætt við þeirri einingu sem oftast er nefnd undirflokkur er hér til þæginga nefnd syrpa. Þetta er hópur eða syrpa af skyldum ættbálkum og er einingin notuð þegar ástæða þykir til að mynda sérstakar skyldleikaeiningar innan flokks sem standa milli flokks og ættbálka. Í mosunum er þetta mjög gagnleg eining til glöggvunar á innbyrðis skyldleika ættbálka innan flokks. Fyrir aftan hverja einingu er fjöldi íslenskra tegunda innan hennar settur í sviga

**HORN MOSAR - ANTHOCEROTOPHYTA (1)**

HNÝFILMOSAFLOKKUR - ANTHOCEROTOPSIDA (1)

**Hnýfilmósabálkur - Anthocerotales (1)****SOPPMOSAR - MARCHANTIOPHYTA (142)**

STJÖRNUMOSAFLOKKUR - MARCHANTIOPSIDA (10)

Stjörnumosasyrpa - Marchantiidae (10)

**Stjörnumósabálkur - Marchantiales (7)****Nistilmósabálkur - Ricciales (3)**

BLEÐLUMOSAFLOKKUR - JUNGERMANNIOPSIDA (132)

Refilmósasyrpa - Metzgeriidae (14)

**Serkmósabálkur - Haplomitriales (1)****Blettamosabálkur - Blasiales (1)****Skrúðmósabálkur - Fossombroniales (4)****Refilmósabálkur - Metzgeriales (8)**

Bleðlumosasyrpa - Jungermanniidae (118)

**Trefjumósabálkur - Lepicoleales (1)****Bleðlumósabálkur - Jungermanniales (110)****Snepilmósabálkur - Porellales (5)****Sepamosabálkur - Radulales (2)****BAUKMOSAR - BRYOPHYTA (461)**

BARBAMOSAFLOKKUR - SPHAGNOPSIDA (29)

**Barnamosabálkur - Sphagnales (29)**

SÓTMOSAFLOKKUR - ANDREAEOPSIDA (2)

**Sótmósabálkur - Andreaeales (2)**

HADDMOSAFLOKKUR - POLYTRICHOPSIDA (20)

**Haddmósabálkur - Polytrichales (20)**

## HNOKKMOSAFLOKKUR - BRYOPSIDA (420)

Hnotmosasyrpa - Diphysciidae (1)

**Hnotmosabálgur - Diphysciales** (1)

Bólmosasyrpa - Funariidae (13)

**Toppmosabálgur - Timmiales** (4)**Klukkumosabálgur - Encalyptales** (6)**Bólmosabálgur - Funariales** (3)

Brúskmosasyrpa - Dicranidae (144)

**Skeggmosabálgur - Grimmiales** (42)**Slæðumosabálgur - Archidiales** (1)**Bikarmosabálgur - Seligeriales** (2)**Brúskmosabálgur - Dicranales** (62)**Snúðmosabálgur - Pottiales** (37)

Hnokkmosasyrpa - Bryidae (252)

**Taðmosabálgur - Splachnales** (12)**Hettumosabálgur - Orthotrichales** (11)**Brámosabálgur - Hedwigiales** (1)**Hnokkmosabálgur - Bryales** (88)**Glómosabálgur - Hookeriales** (1)**Faxmosabálgur - Hypnales** (139)

Mosar eru skyldir byrkningum og fræplöntum og mynda ásamt þeim skyldleikahóp sem er nefndur landplöntur. Grænar plöntur eru enn stærri skyldleikahópur og eru landplönturnar hluti af honum. Landplöntur eru taldar hafa orðið til fyrir um 440 milljónum ára og eiga þær sameiginlegan uppruna sinn hjá grænþörungum af kransþörungaflokki, Charophyceae. Fræplöntur og byrkningar mynda saman eina þróunarlínu. Elsti hluti þeirrar þróunarlínu hlýtur einhvers staðar að tengjast þróunarlinum mosanna. Ef við nefnum elstu og upprunalegustu, nú útdauðu, plöntur byrkninga frumbyrkninga eru tengsl mosa og frumbyrkninga afar áhugaverð frá sjónarhóli mosafræðinga.

Munurinn á núlifandi byrkningum og núlifandi mosum er nokkuð augljós en það sama verður ekki sagt um þann mun sem verið hefur á frumstæðustu mosunum og frumstæðustu byrkningunum. Eftir því sem aftar er farið í tímann hljóta nügildandi skilgreiningar að hrynja ein af annarri. Það er orðið nokkuð ljóst að að lokum stendur aðeins eitt atriði eftir. Gróliður byrkninga er greinóttur en gróliður mosa ógreindur.

Hornmosar, soppmosar og baukmosar eiga í rauninni ekki það mikið sameiginlegt að þeir myndi augljóslega sameiginlegan skyldleikahóp án þátttöku annarra plantna, þ.e.a.s. það er alls ekki víst að þeir myndi saman eina þróunarlínu án þátttöku frumbyrkninga. Sá möguleiki virðist reyndar hafa verið alveg afskrifaður. Þess vegna hafa menn reynt að kanna hugsanlegar og líklegar tengingar þessara fjögurra hópa, frumbyrkninga, hornmosa, soppmosa og baukmosa. Þetta gefur 12 mögulegar skyldleikatengingar. Líklega hafa þær flestar eða allar einhvern tímann hlotið einhvern stuðning en smám saman hefur þeim möguleikum fækkað sem talið er að komi til greina og er nú a.m.k. helmingur þeirra kominn alveg út úr þessari umræðu. Eftirfarandi möguleiki virðist nú njóta yfirgnæfandi fylgis rannsakenda.

Allir þessir hópar eiga sér sameiginlegan uppruna hjá grænþörungum í Charophyceae. Fyrsti hópurinn til að klofna frá eru hornmosar. Systurhópur hornmosa er því myndaður af sameiginlegum forfeðrum frumbyrkninga, soppmosa og baukmosa. Næst klofnar þróunarlínan í tvær greinar, önnur leiðir til frumbyrkninga, hin er mynduð af sameiginlegum forfeðrum soppmosa og baukmosa. Sú lína klofnar síðan í tvær línur og soppmosar og baukmosar skiljast að. Soppmosar og baukmosar eru þá systurhópar. Eins mynda soppmosar og baukmosar saman systurhóp frumbyrkninga en frá þeim eru núlifandi byrkningar og fræplöntur komnar. Það óvissasta í þessum hugmyndum er staða soppmosanna. Til eru þeir sem telja líklegt að þeir hafi klofnar frá fyrr í þróuninni. Um annað virðist veruleg samstaða.

Það má teljast nokkuð ljóst að mosarnir mynda ekki sjálfstæða þróunarlega einingu út af fyrir sig. Þeir eru því taldir hér til þriggja fylkinga.

## **NOKKUR HELSTU SAMNEFNI**

Í þessa skrá eru fyrst og fremst tekin þau tegundanöfn sem notuð hafa verið í mosaheftunum í þessari ritröð en ekki er að finna í mosaskránni í þessu hefti. Farið var yfir tegundaskrána frá 1998 (Bergþór Jóhannsson 1998) og tegundaskrána frá 1983 (Bergþór Jóhannsson 1983) og sett hér þau tegundanöfn sem þar voru notuð en ekki er að finna í mosaskránni í þessu hefti. Í mosaskránni frá 1983 var að finna samnefni sem komu

fyrir hjá Hesselbo (1918) og nokkrum höfundum sem rituðu um íslenska mosa á tímabilinu 1918-1983. Það virðist óþarfi að endurtaka þá samnefnaskrá hér. Til viðbótar þessu voru tekin nokkur nöfn úr nýlegum erlendum flórum og listum sem líklegt er að verði talin gagnleg eða ómissandi uppflettigögn við athuganir á íslensku mosaflórunni í nánustu framtíð. Þessar heimildir eru: Blockeel & Long (1998), Corley & al. (1981), Corley & Crundwell (1991), Damsholt (2002), Frey & al. (1995), Frisvoll & al (1995), Grolle & Long (2000), Nyholm (1986, 1989, 1993, 1998), Paton (1999), Schumacker & Váňa (2000). Örfá nöfn úr nýlegum greinum voru tekin inn í skrána ef þau voru notuð sérstaklega í umfjöllun um íslenska mosa. Vafalaust hafa mér yfirsést einhver nöfn sem ættu að vera hér.

Sum þeirra nafna sem eru í þessari samnefnaskrá eru ef til vill ekki fullkomin samnefni. Í sumum tilvikum vilja aðrir mosafræðingar gera viðkomandi einingu að undirtegund eða afbrigði. Sem dæmi má nefna *Brachythecium coruscum* I.Hagen sem ég gef hér sem samnefni við *B. albicans* (Hedw.) Schimp. Til eru þeir sem nefna þessa gerð *B. albicans* (Hedw.) Schimp. var. *groenlandicum* C.E.O.Jensen. Virðist mér það nær raunveruleikanum en að halda henni sem tegund. Mitt sjónarmið er þó það að ef halda skal þessari gerð sem afbrigði verði að vera unnt að aðgreina það með nokkru öryggi frá *B. albicans* (Hedw.) Schimp. var. *albicans*. Ég tel að svo sé ekki. Einhver handahófskennd eða tilviljanakennd aðgreining er markleysa.

Skilningur mosafræðinga á ákveðnum tegundum getur breyst verulega frá einum tíma til annars. Sem dæmi má nefna að fyrir 1983 er langoftast átt við *Racomitrium ericoides* (Brid.) Brid. þegar *R. canescens* (Hedw.) Brid. er nefndur í umfjöllun um íslenska mosa. Eftir 1983 eru þessar tegundir alltaf aðgreindar enda er ekkert vafamál að hér er um vel aðgreindar tegundir að ræða. Annað gott dæmi er *Schistidium apocarpum* (Hedw.) Bruch et Schimp. Óhætt er að slá því föstu að komi þetta nafn fyrir í umfjöllun um íslenska mosa fyrir 1996 er ekki átt við þá tegund sem nú heitir svo. Hvaða tegund átt er við í hverju tilviki er ógerlegt að segja til um. Þetta nafn er því marklaust á tegundagrundvelli fyrir 1996 og ber aðeins að skoða sem ættkvíslargreiningu.

Ég hef ekki talið hér þau tilvik þegar einingar sem í skránni eru taldar tegundir eru taldar undirtegundir. Slíkt á að vera það augljóst að ekki sé þörf á því. Rekist menn t.d. á *Radula complanata* (L.) Dumort. ssp. *complanata* og *R. complanata* (L.) Dumort. ssp. *lindenbergiana* (Gottsche ex C.Hartm.) R.M.Schust. einhvers staðar í riti er augljóst að átt er við íslensku tegundirnar tvær sem eru þá taldar undirtegundir af sömu

tegund. Það er einnig önnur ástæða fyrir því að ég læt undirtegundir eiga sig í þessari skrá. Hún er sú að ég tel alltof langt gengið í notkun undirtegunda. Í mörgum tilvikum tel ég að aðeins sé um vaxtargerðir að ræða sem eigi tæpast að telja afbrigði, hvað þá undirtegundir. Hins vegar gæti ég vel fallist á að í mosaskránni sé unnt að finna tegundapör sem vel kæmi til greina að sameina í eina tegund með tveim íslenskum undirtegundum. Þegar íslensk tegund er ýmist talin sérstök tegund eða undirtegund og aðeins önnur undirtegundin vex hér er það nokkurn veginn regla að ég hef skráð hana sem tegund.

Ég hef í nokkrum tilvikum ekki sett samasemmerki heldur ör á milli tegundanafna. Það merkir að ekki er um samnefni að ræða. Í þessum tilvikum eru höfundanöfn ekki notuð heldur hef ég sett auct. á eftir nafninu og ísl. í sviga á eftir til að gefa til kynna að ýmsir höfundar hafi notað þetta nafn í þessari merkingu um íslensk eintök. Nafneintökin eru þá af annarri tegund. Hér hefur ekki verið um ranga greiningu að ræða heldur ranga túlkun á nafninu. Þegar þetta nafn hefur verið notað um íslensk eintök hefur alltaf verið átt við þá tegund sem örin vísar á. Ég tek hér dæmi um þetta. *Bryum flaccidum* Brid. hefur lengi verið notað um þessa tegund í nágrannalöndunum. Komið hefur í ljós að *B. flaccidum* Brid. er í rauninni ekki til í Evrópu. *B. laevifilum* Syed verður því rétta nafnið á íslensku tegundinni. *B. flaccidum* Brid. og *B. laevifilum* Syed eru ekki samnefni en öll íslensk eintök sem hafa verið nefnd *B. flaccidum* eru af *B. laevifilum*. *Hedwigia ciliata* (Hedw.) P.Beauv. var þar til nýlega notað um öll íslensk eintök af þessari ættkvísl. Tegundinni var skipt í tvær tegundir 1994. Hérlendis vex aðeins önnur þeirra. Öll íslensk eintök ættkvíslarinnar eru af *H. stellata* Hedenäs. *H. ciliata* (Hedw.) P.Beauv. og *H. stellata* Hedenäs eru því ekki samnefni en í reynd virkar þessi nafnbreyting eins og svo væri. *Phaeoceros laevis* (L.) Prosk. og *P. carolinianus* (Michx.) Prosk. eru stundum taldar tvær sjálfstæðar tegundir, stundum undirtegundir af tegundinni *P. laevis* (L.) Prosk. og sumir mosafræðingar telja jafnvel að ekki sé ástæða til þess, *P. carolinianus* sé aðeins tvíkyngja gerð af *P. laevis*. Að því er best er vitað vex aðeins *P. carolinianus* hér. Þeir sem hafa notað nafnið *P. laevis* um íslensk eintök hafa talið þessar tvær tegundir sem eina tegund. Með nafninu hafa þeir ekki átt við *P. laevis* (L.) Prosk. ssp. *laevis* heldur við *P. laevis* (L.) Prosk. í víðri merkingu. Þótt þetta séu ekki samnefni kemur þetta, hvað íslensku eintökin varðar, út á sama hátt og svo væri.

- Amblystegium compactum* (Müll.Hal.) Austin = *Conardia compacta*  
*A. jungermannioides* (Brid.) A.J.E.Sm. = *Platydictya jungermannioides*  
*A. riparium* Hedw.) Schimp. = *Leptodictyum riparium*  
*Anoetangium warburgii* Crundw. et M.O.Hill = *Molendoa warburgii*  
*Barbula asperifolia* Mitt. = *Didymodon asperifolius*  
*B. cylindrica* (Taylor) Schimp. = *Didymodon insulanus*  
*B. fallax* Hedw. = *Didymodon fallax*  
*B. ferruginascens* Stirt. = *Bryoerythrophyllum ferruginascens*  
*B. icmadophila* Schimp. ex Müll.Hal. = *Didymodon icmadophilus*  
*B. recurvirostris* (Hedw.) Dixon = *Bryoerythrophyllum recurvirostrum*  
*B. reflexa* (Brid.) Brid. = *Didymodon ferrugineus*  
*B. rigidula* (Hedw.) Milde = *Didymodon rigidulus*  
*B. tophacea* (Brid.) Mitt. = *Didymodon tophaceus*  
*B. vinealis* Brid. = *Didymodon vinealis*  
*Brachythecium coruscum* I.Hagen = *B. albicans*  
*B. groenlandicum* (C.E.O.Jensen) Schljakov = *B. albicans*  
*Breidleria pratensis* (Spruce) Loeske = *Hypnum pratense*  
*Bryum bimum* (Schreb.) Turner = *B. pseudotriquetrum*  
*B. dunense* A.J.E.Sm. et H.Whiteh. = *B. bicolor*  
*B. flaccidum* auct. (isl.) -> *B. laevifilum*  
*B. inclinatum* (Brid.) Blandow = *B. imbricatum*  
*B. microerythrocarpum* Müll.Hal. et Kindb. = *B. subapiculatum*  
*B. stenotrichum* Müll.Hal. = *B. imbricatum*  
*B. stirtonii* Schimp. = *B. elegans*  
*Calliergon sarmentosum* (Wahlenb.) Kindb. = *Warnstorfia sarmentosa*  
*C. stramineum* (Brid.) Kindb. = *Straminergon stramineum*  
*C. trifarium* (F.Weber et D.Mohr) Kindb. = *Pseudocalliergon trifarium*  
*C. turgescens* (T.Jensen) Kindb. = *Pseudocalliergon turgescens*  
*Calliergonella lindbergii* (Mitt.) Hedenäs = *Hypnum lindbergii*  
*Campylium chrysophyllum* (Brid.) J.Lange = *Campyliadelphus*  
*chrysophyllum*  
*C. elodes* (Lindb.) Kindb. = *Campyliadelphus elodes*  
*C. polygamum* (Schimp.) J.Lange et C.E.O.Jensen = *Drepanocladus*  
*polygamus*  
*Cephaloziella arctica* Bryhn et Douin = *C. varians*  
*Chandonanthus setiformis* (Ehrh.) Lindb. = *Tetralophozia setiformis*  
*Chiloscyphus latifolius* (Nees) J.J.Engel et R.M.Schust. = *C. coadunatus*  
*C. pallescens* (Ehrh. ex Hoffm.) = *C. polyanthos*  
*Cratoneuron commutatum* (Hedw.) G.Roth = *Palustriella commutata*  
*C. decipiens* (De Not.) Loeske = *Palustriella decipiens*  
*Desmatodon cernuus* (Huebener) Bruch et Schimp. = *Tortula cernua*  
*D. heimii* (Hedw.) Mitt. = *Hennediella heimii*  
*D. latifolius* (Hedw.) Brid. = *Tortula euryphylla*



- Dicranum congestum* auct. (isl.) -> *D. flexicaule*  
*D. groenlandicum* auct. (isl.) -> *D. laevidens*  
*Ditrichum crispatisimum* (Müll.Hal.) Paris = *D. gracile*  
*Drepanocladus badius* (Hartm.) G.Roth = *Loeskypnum badium*  
*D. cossonii* (Schimp.) Loeske = *Scorpidium cossonii*  
*D. exannulatus* (Schimp.) Warnst. = *Warnstorfia exannulata*  
*D. fluitans* (Hedw.) Warnst. = *Warnstorfia fluitans*  
*D. lycopodioides* (Brid.) Warnst. = *Pseudocalliergon lycopodioides*  
*D. polycarpus* (Blandow ex Voit) Warnst. = *D. aduncus*  
*D. revolvens* (Sw.) Warnst. = *Scorpidium revolvens*  
*D. sendtneri* auct. (isl.) -> *D. sordidus*  
*D. tundrae* (Arnell) Loeske = *Warnstorfia tundrae*  
*D. uncinatus* (Hedw.) Warnst. = *Sanionia uncinata*  
*Dryptodon patens* (Hedw.) Brid. = *Grimmia curvata*  
*Eurhynchium crassinervium* (Wilson) Schimp. = *Cirriphyllum crassinervium*  
*Fissidens cristatus* Wilson ex Mitt. = *F. dubius*  
*Funaria attenuata* (Dicks.) Lindb. = *Entosthodon attenuatus*  
*F. obtusa* (Hedw.) Lindb. = *Entosthodon obtusus*  
*Grimmia affinis* Hornsch. = *G. longirostris*  
*G. grisea* Cardot = *G. reflexidens*  
*G. sessitana* De Not. = *G. reflexidens*  
*G. subsulcata* Limpr. = *G. reflexidens*  
*G. sudetica* auct. (isl.) -> *G. alpestris*  
*Hedwigia ciliata* auct. (isl.) -> *H. stellata*  
*Homalothecium nitens* (Hedw.) H.Rob. = *Tomentypnum nitens*  
*Hylocomium pyrenaicum* (Spruce) Lindb. = *Hylocomiastrum pyrenaicum*  
*Isopterygium elegans* (Brid.) Lindb. = *Pseudotaxiphyllum elegans*  
*I. pulchellum* (Hedw.) Jaeger = *Isopterygiopsis pulchella*  
*Jungermannia lanceolata* L. = *J. atrovirens*  
*Kiaeria riparia* (Lindb.) Corley = *Dicranella riparia*  
*Leiocolea alpestris* (Schleich. ex F.Weber) Isov. = *L. bantriensis*  
*L. collaris* (Nees) Schljakov = *L. bantriensis*  
*Leskeella nervosa* (Brid.) Loeske = *Pseudoleskeella nervosa*  
*Lophocolea bidentata* (L.) Dumort. = *Chiloscyphus coadunatus*  
*L. latifolia* Nees = *Chiloscyphus coadunatus*  
*L. minor* Nees = *Chiloscyphus minor*  
*Lophozia alpestris* (Schleich. ex F.Weber) A.Evans = *Leiocolea bantriensis*  
*L. atlantica* (Kaal.) Müll.Frib. = *Barbilophozia atlantica*  
*L. badensis* (Gottsche) Schiffn. = *Leiocolea badensis*  
*L. bantriensis* (Hook.) Steph. = *Leiocolea bantriensis*  
*L. barbata* (Schmidel ex Schreb.) Dumort. = *Barbilophozia barbata*  
*L. collaris* (Nees) Dumort. = *Leiocolea bantriensis*

- L. floerkei* (F.Weber et D.Mohr) Schiffn. = *Barbilophozia floerkei*  
*L. gillmanii* (Austin) R.M.Schust. = *Leiocolea gillmanii*  
*L. hatcheri* (A.Evans) Steph. = *Barbilophozia hatcheri*  
*L. heterocolpos* (Thed. ex Hartm.) Howe = *Leiocolea heterocolpos*  
*L. kunzeana* (Huebener) A.Evans = *Barbilophozia kunzeana*  
*L. lycopodioides* (Wallr.) Cogn. = *Barbilophozia lycopodioides*  
*L. quadriloba* (Lindb.) A.Evans = *Barbilophozia quadriloba*  
*L. rutheana* (Limpr.) Howe = *Leiocolea rutheana*  
*Marchantia alpestris* (Nees) Burgeff = *M. polymorpha*  
*M. aquatica* (Nees) Burgeff = *M. polymorpha*  
*M. latifolia* Gray = *M. polymorpha*  
*Marsupella aquatica* (Lindenb.) Schiffn. = *M. emarginata*  
*Oxystegus cylindricus* (Brid.) Hilpert = *Trichostomum tenuirostre*  
*O. tenuirostris* (Hook. et Taylor) A.J.E.Sm. = *Trichostomum tenuirostre*  
*Phaeoceros laevis* auct. (isl.) -> *P. carolinianus*  
*Philonotis capillaris* auct. (isl.) -> *P. arnellii*  
*Plagiopus oederi* (Brid.) Limpr. = *P. oederianus*  
*Polytrichastrum alpinum* (Hedw.) G.L.Sm. = *Polytrichum alpinum*  
*P. formosum* (Hedw.) G.L.Sm. = *Polytrichum formosum*  
*P. longisetum* (Brid.) G.L.Sm. = *Polytrichum longisetum*  
*P. norwegicum* (Hedw.) Schljakov = *Polytrichum alpinum*  
*P. sexangulare* (Brid.) G.L.Sm. = *Polytrichum sexangulare*  
*P. sphaerothecium* (Besch.) Frahm = *Polytrichum sphaerothecium*  
*Polytrichum norwegicum* Hedw. = *P. alpinum*  
*Pottia heimii* (Hedw.) Hampe = *Hennediella heimii*  
*P. intermedia* (Turner) Fürnr. = *Tortula modica*  
*P. truncata* (Hedw.) Bruch et Schimp. = *Tortula truncata*  
*Pseudoleskea incurvata* (Hedw.) Loeske = *Lescuraea incurvata*  
*P. patens* (Lindb.) Kindb. = *Lescuraea patens*  
*P. radicata* (Mitt.) Macoun et Kindb. = *Lescuraea radicata*  
*Pseudoleskeella sibirica* (Arnell) P.Wilson et D.H.Norris = *P. rupestris*  
*Ptychodium plicatum* (F.Weber et D.Mohr) Schimp. = *Lescuraea plicata*  
*Racomitrium patens* (Hedw.) Huebener = *Grimmia curvata*  
*Rhynchostegium riparioides* (Hedw.) Cardot = *Platyhypnidium riparioides*  
*Sanionia nivalis* Hedenäs = *S. georgico-uncinata*  
*Scapania degenii* Schiffn. ex Müll.Frib. = *S. brevicaulis*  
*S. ligulifolia* R.M.Schust. = *S. calcicola*  
*S. parvifolia* Warnst. = *S. scandica*  
*S. praetervisa* Meyl. = *S. mucronata*  
*Schistidium alpicola* auct. (isl.) -> *S. rivulare*  
*Scleropodium purum* (Hedw.) Limpr. = *Pseudoscleropodium purum*  
*Scorpidium turgescens* (T.Jensen) Loeske = *Pseudocalliergon turgescens*  
*Sphagnum imbricatum* auct. (isl.) -> *S. affine*

*S. lescurii* auct. (isl.) -> *S. denticulatum*  
*S. recurvum* auct. (isl.) -> *S. flexuosum*  
*Sphenolobus minutus* (Schreb.) Berggr. = *Anastrophyllum minutum*  
*Thuidium abietinum* (Hedw.) Schimp. = *Abietinella abietina*  
*T. erectum* Duby = *T. delicatulum*  
*Tortula norvegica* (F.Weber) Lindb. = *Syntrichia norvegica*  
*T. ruraliformis* (Besch.) Grout = *Syntrichia ruraliformis*  
*T. ruralis* (Hedw.) P.Gaertn. et al. = *Syntrichia ruralis*  
*Tritomaria polymorpha* (R.M.Schust.) Grolle = *T. polita*  
*Weissia wimmeriana* (Sendtn.) Bruch et Schimp. = *W. controversa*

## AFSKRÁÐAR TEGUNDIR

Fjöldi tegunda hefur verið getið héðan sem í rauninni hafa aldrei fundist hér á landi. Með fyrri skrá er búið að hreinsa megnið af þeim út en nokkrar eru enn á skrá 1983 eða eru á skrá síðar. Það er nokkur ábyrgðarhluti að afskrá tegundir á sama hátt og það er ábyrgðarhluti að bæta við nýjum tegundum. Það hefur því dregist, ef til vill um of, að gefa sumar tegundir alveg upp á bátinn Flestar þeirra tegunda sem voru settar með spurningarmerki í skrána frá 1983 (Bergþór Jóhannsson 1983) eru afskráðar hér.

Ég hef fengið talsvert af íslenskum mosum lánað úr erlendum söfnum til að líta á eintök sem áttu að staðfesta fund ákveðinna tegunda hérlendis. Flest þessara eintaka hafa reynst rangt nafngreind. Í sumum tilvikum hafa eintök ekki fundist. Ég hef ekki lagt á það sérstaka áherslu að hafa upp á öllum íslenskum eintökum í erlendum söfnum. Þar kunna því að leynast eintök af tegundum sem ég hef gefið upp á bátinn. Einnig hef ég örlítið skoðað íslensk eintök í erlendum söfnum. Þar má finna eintök sem greind eru til tegunda sem aldrei hafa fundist hér en hafa ekki komist inn í íslenskar mosaskrár. Slíkra tegunda er ekki getið hér. Hér er ekki heldur getið tegunda, sem ég hef séð fullyrt í nýlegum mosaritum og mosagreinum í erlendum ritum að vaxi hér, ef ekki hefur sérstaklega verið að fjalla um íslenska mosa.

Allnokkur dæmi eru um að tegundir finnast hér sem áður hefur verið getið héðan á röngum forsendum, eintökin í fyrra tilvikinu hafi verið rangt nafngreind. Þetta þarf ekki að koma á óvart því flestar tegundir

sem getið er héðan á röngum forsendum eru annað hvort tegundir sem eru útbreiddar í nágrannalöndum eða tegundir sem höfundurinn telur að eigi að vera hér en þekkir lítið til þeirra og hefur jafnvel aldrei séð rétt greind eintök af þeim. Hvort tveggja hefur hent færa mosafræðinga. Enn varhugaverðari hafa reynst nafngreiningar manna sem aldrei hafa komið hingað og vita ekkert um gróðurfar á Íslandi. Sumra tegunda hefur verið getið héðan hvað eftir annað án þess að nokkur sönnunargögn liggja fyrir um tilvist þeirra hér. Sumar þeirra tegunda sem getið hefur verið héðan á röngum forsendum reynast þrátt fyrir það vaxa hér. Mér er það t.d. fullljóst að tveggja þeirra tegunda sem í upphafi þessa heftis er lýst sem nýjum tegundum fyrir landið hefur verið getið héðan áður. Í hvorugu tilvikinu get ég fallist á að eintökin sem þeir fundir voru byggðir á séu rétt nafngreind. Ég lit því svo á að þessar tegundir séu nýfundnar hér þrátt fyrir það að margir áratugir séu síðan nöfn þeirra komust inn í bækur og greinar um íslensku mosaflóruna.

Ég hef eftirfarandi skrá í einu lagi en það hefði hugsanlega mátt skipta henni þótt það hefði verið nokkrum vandkvæðum bundið. Í henni eru tegundir sem örugglega hafa aldrei fundist hér og vaxa örugglega ekki hér og nauðsynlegt er að losna við sem fyrst úr allri umfjöllun um íslensku mosaflóruna bæði innan lands og utan. Einnig eru í henni tegundir sem vel gætu verið hér og jafnvel tegundir sem rétt nafngreind eintök gætu verið til af einhvers staðar í erlendu safni. Mörkin milli þessara hópa eru síður en svo skýr. Ég set þessar tegundir því í eina skrá þótt ég taki við það þá áhættu að í hana slæðist ef til vill tegund sem raunverulega hefur fundist hér.

*Amblystegium humile* (P.Beauv.) Crundw.

*A. saxatile* Schimp. = *A. radicale* (P.Beauv.) Schimp.

*Barbilophozia binsteadii* (Kaal.) Loeske

*Brachythecium erythrorrhizon* Schimp.

*Calypogeia integristipula* Steph.

*Campylium calcareum* Crundw. et Nyholm = *Campylophyllum calcareum*  
(Crundw. et Nyholm) Hedenäs

*Cephalozia lunulifolia* (Dumort.) Dumort.

*C. macounii* (Austin) Austin

*Cynodontium polycarpon* (Hedw.) Schimp.

*C. tenellum* (Bruch et Schimp.) Limpr.

*Dicranum affine* Funck = *D. bergeri* Blandow ex Hoppe

*Didymodon mamillosus* (Crundw.) M.O.Hill

*Drepanocladus trichophyllus* (Warnst.) Podp. = *Warnstorfia trichophylla*  
(Warnst.) Tuom. et T.J.Kop.

*Encalypta affinis* Hedw.f.  
*Grimmia incurva* Schwägr.  
*Harpanthus scutatus* (F.Weber et D.Mohr) Spruce  
*Heterocladium heteropterum* Schimp.  
*Hygrohypnum eugyrium* (Schimp.) Broth.  
*Jamesoniella autumnalis* (DC.) Steph.  
*Jungermannia jenseniana* Grolle  
*Lophozia elongata* Steph.  
*L. laxa* (Lindb.) Grolle  
*Marsupella revoluta* (Nees) Dumort.  
*M. sphacelata* (Gieseke) Dumort.  
*Meesia hexasticha* (Funck) Bruch  
*Mylia anomala* (Hook.) Gray  
*Nardia compressa* (Hook.) Gray  
*N. insecta* Lindb.  
*Plagiochila arctica* Bryhn et Kaal.  
*Porella platyphylla* (L.) Pfeiff.  
*Prasanthus suecicus* (Gottsche) Lindb.  
*Ptilidium pulcherrimum* (Weber) Vainio  
*Rhytidiadelphus subpinnatus* (Lindb.) T.J.Kop.  
*Riccia bifurca* Hoffm.  
*Sphagnum quinquefarium* (Braithw.) Warnst.  
*Tortella inclinata* (Hedw.f.) Limpr.  
*Weissia brachycarpa* (Nees et Hornsch.) Jur.

## SJALDGÆFAR TEGUNDIR

Rétt þykir mér að geta þeirra tegunda sem nú teljast sjaldgæfastar héraendis og benda á tegundir sem eiga það sérstaklega á hættu að hverfa úr íslensku mosaflórunni. Fyrirsögnin kann að vera nokkuð villandi, því margar tegundir til viðbótar þeim sem hér eru nefndar eru sjaldgæfar, eftir því sem best er vitað. Í þessari skrá eru þó þær allra sjaldgæfustu. Nefndar eru allar tegundir sem hafa aðeins fundist hér einu sinni. Einnig flestar þeirra sem aðeins hafa fundist hér tvisvar eða þrisvar. Sumar þessara tegunda gætu vel verið víðar og er mikilvægt að afla meiri vitneskju um útbreiðslu þeirra. Tegund sem aðeins vex á einum smáblettum getur horfið hvenær sem er. Ekki þarf annað til en að skriða falli úr fjallshlíð, breytingar séu gerðar við heita laug, mosar séu

hreinsaðir af steiptum vegg, lúpínubreiða vaxi yfir fundarstaðinn eða land sé tekið undir byggð. Eftir því sem þekktir vaxtarstaðir eru fleiri er ólíklegra að tegund glatist á næstunni úr íslensku mosaflórinni.

Þær hættur sem steðjað hafa að íslenskum mosum á síðustu áratugum hafa fyrst og fremst verið framræsla mýra og röskun og nýting jarðhitasvæða. Útbreiðsla barnamosa, *Sphagnum*, hefur skroppið verulega saman á síðari hluta síðustu aldar vegna framræslu mýra. Nú eru það jarðhitategundirnar sem eru í mestri hættu. Það kann að vera að athyglinni þurfi einnig að beina að öðrum hópum í náinni framtíð. Aðstæður breytast hratt um þessar mundir. Sem dæmi skal ég benda á ógnun sem hefði þótt ólíkleg fyrir fáeinum áratugum. Nú mun líklega að mestu hætt að grafa skurði í mómýrum. Nokkrar tegundir nutu greinilega góðs af skurðgreftri á liðnum áratugum. Má nefna *Pogonatum dentatum*, skurðhött, sem dreifðist nokkuð hratt um Vesturland og Suðurland út frá fyrsta fundarstaðnum á landinu sem var í nágrenni Reykjavíkur. Hann er ein þeirra tegunda sem leggja undir sig nýja skurðbakka og hefur reyndar aldrei fundist hér við aðrar aðstæður. Hann þolir illa harða samkeppni og þegar skurðbakkarnir verða eldri vikur hann fyrir öðrum tegundum, t.d. *P. urnigerum*, melhetti, og hverfur. Ef til vill þarf að hafa áhyggjur af því innan tíðar að skurðbakkalandnemarnir hverfi úr íslensku mosaflórinni. Áberandi breytingar eru að verða á gróðurfari um þessar mundir og er rétt að hafa augun opin og gefa þeim gaum.

Tegundir sem eru á válista (Válisti 1. 1996) eru teknar í þessa skrá nema sérstök ástæða þyki til annars. Nokkru betri upplýsingar liggja fyrir um útbreiðslu sumra tegunda nú en þegar válistinn var gefinn út. Nokkrar tegundir á válistanum hafa nú fundist á fleiri stöðum en þá var vitað um. Tegundir sem eru á válistanum en ekki í þessari skrá eru:

*Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid., hæruburst. Þessi tegund barst frá Suðurhveli jarðar til Englands en þar fannst hún fyrst 1941. Þaðan hefur hún dreift sér til annarra landa í Vestur-Evrópu. Tegundin fannst hér fyrst 1983. Hún er í hraðri útbreiðslu og hefur reynst afar ágeng. Hún ryður öðrum mosategundum úr vegi og er að útrýma ýmsum viðkvæmari tegundum á sumum þeirra jarðhitasvæða sem hún hefur náð fótfestu á. Hún dreifir sér hratt enda er hún oft með gróhirslum í stórum stíl, auk þess sem hún dreifir sér með blaðbrotum. Tegundin þarf að fara út af válista.

*Rhizomnium andrewsianum* (Steere) T.J.Kop., fjallafaldur, *Schistidium crassipilum* H.H.Blom, brandakragi og *Schistidium venetum* H.H.Blom,

heiðakragi hafa nú fundist á það mörgum stöðum að ástæðulaust er að hafa þessar tegundir lengur meðal sjaldgæfustu tegunda. Ég tel að það væri engin goðgá að taka þær út af válista.

*Bryum bimum* (Schreb.) Turner og *Weissia wimmeriana* (Sendtn.) Bruch et Schimp. tel ég ekki lengur sérstakar tegundir, heldur nokkurs konar fjallagerðir af *B. pseudotriquetrum* (Hedw.) P.Gaertn. et al. og *W. controversa* Hedw.

Komið hefur í ljós að *Hygrohypnum eugyrium* (Schimp.) Broth. hefur ekki fundist hér.

Í þessari skrá eru einnig tegundir sem af einhverjum ástæðum eru taldar sérstaklega viðkvæmar, eru á áberandi undanhaldi, eru horfnar af sumum fundarstöðum eða kjörlendi þeirra er að skreppa saman eða breytast og getur breyst skyndilega þannig að tegundin eigi jafnvel á hættu að hverfa úr íslensku mosaflóruni.

Það er að sjálfsögðu skylda okkar að reyna að varðveita sem flestar tegundir íslensku mosaflórunnar. Í sumum tilvikum er það þó ekki á okkar valdi. Sem dæmi um slíkt má taka tegundir þar sem plöntur eru einkynja og tegundin hefur ekki þróað með sér neina aðferð til að dreifa sér án þess að til komi kynæxlun. Slíkar tegundir geta verið afar illa settar ef aðeins annað kynið er á landinu. Svipað gildir ef tegundin er afar sjaldgæf því þá kann að vera langt á milli kynja. Það sama má segja um tegundir sem afar sjaldan mynda egghirslur og frjóhirslur. Slíkar tegundir hljóta að eiga á hættu að hverfa af sjálfu sér, því hver planta lifir ekki nema í nokkur ár. Sem dæmi um slíkar tegundir hér má nefna *Polytrichum hyperboreum*, hærhadd, en af honum hafa aðeins fundist karlplöntur hér og *Anastrophyllum saxicola*, urðaspengil, og *Psilopilum cavifolium*, rindaskalla, en af þeim hafa aðeins fundist hér ófrjóar plöntur. Þess skal þó getið að sumar tegundir dafna hér nokkuð vel þrátt fyrir að þær hafi hvergi í heiminum fundist með gróhirslum og noti enga sérstaka ókynbundna æxlun. Hjá sumum tegundum hefur aldrei fundist nema annað kynið. Kvenplöntur eru algerlega óþekktar hjá *Herbertus stramineus*, klaufmosa, og karlplöntur eru algerlega óþekktar hjá *Marsupella commutata*, urðaglettu. Slíkar tegundir hafa oft nokkuð einkennilega heimsútbreiðslu sem er skýrð með því að þetta séu leifar frá ísöld. Tegundirnar hafi áður haft víðari útbreiðslu en dáið út víðast hvar á útbreiðslusvæðinu og hitt kynið hafi við það glatast.

Tegundir sem eru nýfundnar hér og aðeins þekktar frá einum stað eða tveim eru að sjálfsögðu taldar afar sjaldgæfar. Síðar kann að koma í ljós

að þær séu mun víðar. Slíkar skrár sem þessi hljóta því að breytast eitthvað með tímanum. Rétt er að benda á að langflestar þeirra tegunda sem hafa fundist hér í fyrsta sinn nýlega eru ekki nýkomnar til landsins, heldur hafa verið hér lengi án þess um þær væri vitað, flestar þeirra hafa verið hér lengur en maðurinn. *Campylopus introflexus*, hæruburst, sem vitað er að barst til landsins um 1980 er undantekning. Ég veit aðeins um eina tegund aðra sem ég tel nokkuð víst að hafi borist til landsins nýlega en þó nokkrum áratugum fyrr. Það er *Campylopus pyriformis*, laugaburst. Sú tegund hefur einnig borist til Evrópu frá Suðurhveli jarðar.

Mikilvægi einstakra tegunda má meta frá mismunandi sjónarhornum. Eitt sjónarmiðið er staða þeirra í kerfinu. Við það að missa *Phaeoceros carolinianus*, hverahnýfil, missum við heila fylkingu úr flórunni og ef *Haplomitrium hookeri*, serkmosi, færi, missum við heilan ættbálk. Tapist ákveðnar tegundir missum við heilar ættir, t.d. ef *Glyphomitrium daviesii*, hnyðrumosi, eða *Peltolepis quadrata*, flyksumosi, hyrfu misstum við ættirnar um leið. Það má fara neðar í kerfið. Það er minni skaði að missa úr tegundamargri ættkvísl tegund, sem er náskyld nokkrum öðrum tegundum í ættkvíslinni, en að missa tegund sem er fjarskyld öðrum tegundum ættkvíslarinnar. Ég ætla reyndar að taka dæmi úr tegundafárri ættkvísl. Það væri meiri skaði að missa *Philonotis marchica*, laugahnapp, en að missa annað hvort *P. fontana*, djáhnapp, eða *P. tomentella*, fjallahnapp, vegna þess að tvær síðastnefndu tegundirnar eru svo náskyldar. Það stendur reyndar ekkert til að glata þeim, því þær eru báðar afar algengar hér.

Annar sjónarhóll er útbreiðsla tegundanna í heiminum. Sérstök ábyrgð hvílir að sjálfsögðu á okkur að varðveita þær tegundir sem hafa aðalútbreiðslu sína hér á landi. Slíkar tegundir eru t.d. *Arctoa anderssonii*, klettatoti, og *Bartramia breviseta*, strandastrý, en sem betur fer er hvorug þeirra í hættu. Annar hópur eru tegundir sem vaxa hvergi í Evrópu nema hér, en eru annað hvort í Norður-Ameríku eða Japan, nema hvort tveggja sé. Meðal slíkra tegunda eru *Bryoxiphium norvegicum*, sverðmosi, og *Polytrichum sphaerothecium*, berghaddur. Hér erum við einnig vel sett því þessar tegundir eru ekki í hættu. Þá eru hér tegundir sem eru afar sjaldgæfar í heiminum. Má úr þeirra hópi nefna *Bryum axel-blyttii*, peruhnokka, *B. vermigerum*, dverghnokka, *Dicranella riparia*, fjallarindil, *Encalypta brevipes*, hærulukku, og *Grimmia plagiopodia*, veggjaskeggja. Þessar tegundir eru allar í þessari skrá. Það er einnig skemmtilegt að hafa hér tegundir sem hvorki eru á hinum Norðurlöndunum né á Bretlandseyjum, eins og *Marsupella commutata*, urdaglettu, og tegundir sem ekki eru á hinum Norðurlöndunum en hér, í



Færeyjum og Bretlandseyjum, eins og *Entosthodon attenuatus*, laugaseta. Einnig má benda á tegundir sem hafa þá sérkennilega útbreiðslu að vaxa aðeins á litlu svæði við norðaustanvert Atlantshaf, þ.e.a.s. á Íslandi, á vesturströnd Noregs, í Færeyjum og á austan- og norðanverðum Bretlandseyjum, t.d. *Molendoa warburgii*, hnúfmosa. *Glyphomitrium daviesii*, hnyðrumosi, vex utan þessa svæðis einnig á Madeira og *Herbertus stramineus*, klaufmosi, vex utan þessa svæðis í Bresku Kólumbíu og Alaska. Vissulega væri óæskilegt að raska þessum skemmtilegu útbreiðslugerðum.

Fundarstaðir einstakra tegunda eru ekki gefnir upp í umfjöllun um þá í heftum þessa fjölrits en nauðsynlegt er að vita um fundarstaði sjaldgæfustu tegundanna. Hvenær tegundin fannst er einnig mikilvægt að vita, einkum hvenær hún fannst síðast. Safnendur eru einnig nefndir hér, þegar ekki er um höfund sjálfan að ræða. Ég hef takmarkað tegundafjöldann eins mikið og ég tel unnt. Eigi að síður eru í þessari skrá 98 tegundir eða 16,2 % af íslensku mosaflórunni.

*Amblystegiium tenax* (Hedw.) C.E.O.Jensen - **Lænurytja**

Á válista. Safnað 1973 á steini í smálæk við Syðrifljótar við Eldvatn og 1978 á steinum í fjöruborði við Hagavík í Þingvallavatni. Allmargar plöntur, sumar með gróhirslum.

*Anastrophyllum saxicola* (Schrad.) R.M.Schust. - **Urðaspengill**

Safnað 1820 á Íslandi, A. Mörch. Óvist um fundarstað en hefur líklega verið safnað á Vesturlandi. Fáar plöntur, ófrjóar. Tegundin myndar aldrei æklikorn. Gera verður ráð fyrir að þessi tegund sé horfin úr íslensku mosaflórunni.

*Atrichum angustatum* (Brid.) Bruch et Schimp. - **Laugarandi**

Á válista. Safnað í jarðhita við gufuop við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum, síðast 1979. Safnað í jarðhita við suðausturhorn Öskjuvatns 1981, Hörður Kristinsson. Safnað á Ölkelduhálsi 2001 og í Fremstadal á Hengilssvæðinu 2002, Ásrún Elmarsdóttir. Allmörg góð eintök frá Landmannalaugum og af Hengilssvæðinu. Hefur ekki fundist hér með gróhirslum.

*Atrichum tenellum* (Röhl.) Bruch et Schimp. - **Dvergrandi**

Á válista. Safnað í leirflagi í jarðhita á Laugarvatni 1973, 1975 og 1978. Hefur ekki fundist þarna nýlega. Safnað 1981 í jarðhita við suðausturhorn Öskjuvatns, í 1180 m hæð y.s., Hörður Kristinsson.

Allmörg góð eintök frá Laugarvatni. Hefur ekki fundist hér með gróhirslum en frjóar karlplöntur hafa fundist.

*Brachythecium collinum* (Müll.Hal.) Schimp. - **Holtalokkur**

Safnað 1965 í klettasprungu í mynni Djúpadals í Eyjafirði. Allmargar plöntur.

*Bryum axel-blyttii* Kaurin ex H.Philib. - **Peruhnokki**

Safnað 2002 á leirkenndum tjarnarbakka í Illaveri í Þjórsárverum, Kristbjörn Egilsson. Ein planta með fullþroskaðri gróhirslu og önnur gróhirslulaus.

*Bryum longisetum* Blandow ex Schwägr. - **Fláahnokki**

Á válista. Safnað 1976 á þúfu í Galtárflóa, Eyvindarstaðaheiði, Helgi Hallgrímsson. Einnig safnað 1976 á nýlegri rúst í Ullarflóa, Auðkúluheiði, Helgi Hallgrímsson. Fá eintök, með gróhirslum.

*Bryum muehlenbeckii* Bruch et Schimp. - **Skrauthnokki**

Á válista. Safnað 1969 við læk á Steinólfsstöðum í Veiðileysufirði í Jökulfjörðum og 1981 í rökum klettum við læk á Hvalnesi í Lóni. Allnokkrar vel þroskaðar plöntur.

*Bryum nitidulum* Lindb. - **Smáhnokki**

Á válista. Safnað 1979 í klettum við Ljótapol. Safnað 2000 norðan við ármót Sauðár og Jöklu á Vesturöræfum, Kristbjörn Egilsson. Á báðum stöðum aðeins örfáar plöntur, með gróhirslum.

*Bryum sauteri* Bruch et Schimp. - **Ylhnokki**

Á válista. Safnað 1973 í jarðhita á Laugarási í Biskupstungum og 1981 í jarðhita á Norðurreykjum í Hálsasveit. Frekar fá eintök, með æxlikúlum á rætlingum.

*Bryum vermigerum* Arnell et C.E.O.Jensen - **Dverghnokki**

Á válista. Safnað 1968 í um það bil 800 m hæð y.s. við hrauntungu skammt frá Drekaflói við Öskju, Hörður Kristinsson. Góð eintök með aragrúa af æxliþráðum.

*Bryum violaceum* Crundw. et Nyholm - **Fjólunokki**

Á válista. Safnað 1982 í jarðhita á Laugabakka í Miðfirði og á Varmalæk í Skagafirði og 1983 á Hvammi í Hrunamannahreppi. Alls staðar aðeins fáar plöntur, með æxlikúlum á rætlingum.

*Campyliadelphus elodes* (Lindb.) Kanda - **Pollatjása**

Á válista. Safnað 1975 í mýri á Rangá við Lagarfljót og 1978 í mýri við Eiðisvatn við Grundartanga. Allnokkrar plöntur á hvorum stað.

*Campyllum laxifolium* Engelm. et Hedenäs - **Fjallabrandur**

Á válista. Safnað 1981 í Fagradal við Kreppu, Kristbjörn Egilsson. Nokkrar plöntur með þroskuðum gróhirslum.

*Campylopus flexuosus* (Hedw.) Brid. - **Hveraburst**

Á válista. Safnað í jarðhita við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum, síðast 1976, Kristbjörn Egilsson. Safnað í jarðhita við Deildartunguhver, fyrst 1979, síðast 1995. Safnað í jarðhita í Goðdal á Ströndum 1983. Safnað við Reykjaneshverfi við Reykjanesvita, fyrst 1986, síðast 2001. Safnað í Fremstadal á Hengilssvæðinu 2002, Ásrún Elmarsdóttir. Óx í breiðum við Deildartunguhver og í Goðdal. Var einnig í breiðum við Reykjanesvita 1986 en 2001 fundust þar aðeins örfáar plöntur. Á hinum stöðunum hefur aðeins verið safnað fáum plöntum. Hefur ekki fundist hér með gróhirslum en fjölgar sér með sérstökum smágreinum.

*Cephaloziella dentata* (Raddi) Steph. - **Hveravæskill**

Safnað 1974 í jarðhita við gufuop í hrauni við Mývatn. Aðeins fannst ein planta. Hún var með æklikornum.

*Cephaloziella integerrima* (Lindb.) Warnst. - **Vegavæskill**

Safnað á vegarbrún á Öxnadalsheiði 1987, Sigurður H. Magnússon og í klettum á Prestbakka í Hrutafirði 1992. Fáar plöntur, bæði með æklikornum og gróhirslum.

*Cephaloziella massalongi* (Spruce) Müll.Frib. - **Skriðuvæskill**

Safnað 1979 í skriðu í Skápadal við Patreksfjörð og í klettum við Mjóafjörð við Kerlingarfjörð. Örfáar plöntur, með æklikornum.

*Cirriphyllum cirrosum* (Schwägr.) Grout - **Urðabroddur**

Safnað 1978 í klettum í sjávarbakka á Örlygshöfn við Patreksfjörð og 1979 í skriðu í Látravík. Aðeins örfáar plöntur.

*Cirriphyllum crassinervium* (Wilson) Loeske et M.Fleisch. - **Bakkabroddur**

Á válista. Safnað 1973 á rökum móbergsklettum við læk á Kirkjubæjarklaustri á Síðu. Nokkur eintök, án gróhirslna.

*Cladopodiella francisci* (Hook.) Jörg. - **Volgrudyndill**

Safnað 1979 í jarðhita við gufuop við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum. Frekar fáar plöntur.

*Cynodontium jenneri* (Schimp.) Stirt. - **Urðavisk**

Á válista. Safnað 1980 í urð og lækjargili í Hestfjarðarbotni við Ísafjarðardjúp. Margar plöntur, flestar með gróhirslum.

*Cyrtomnium hymenophylloides* (Huebener) T.J.Kop. - **Blámaglæra**

Á válista. Safnað í rökum klettum á Móbergi í Hjaltastaðabíngi 1974. Örfá eintök. Safnað á Auðkúluheiði 1997, Borgþór Magnússon. Eitt eintak. Hefur ekki fundist hér með gróhirslum.

*Dichelyma falcatum* (Hedw.) Myrin - **Krókmosi**

Safnað 2002 innan um rotnandi viðilaufr í Guðlaugstungum, Kristbjörn Egilsson. Allnokkur góð eintök, gróhirslulaus.

*Dicranella heteromalla* (Hedw.) Schimp. - **Hverarindill**

Á válista. Safnað 1969 í jarðhita í Goðdal á Ströndum. Safnað í jarðhita við Hveragerði, síðast 1974. Safnað 1981 í jarðhita á Hurðarbaki í Borgarfirði og á Laugavöllum í Reykholtssdal. Safnað 1986 í jarðhita við Reykjanesvíta. Safnað 1994 í jarðhita við Deildartunguhver. Nokkuð margar plöntur á flestum stöðum, án gróhirslna.

*Dicranella riparia* (H.Lindb.) Mártensson et Nyholm - **Fjallarindill**

Safnað 2002 í Arnarfellsveri í Þjórsárverum, Kristbjörn Egilsson, og við Arnarfellsskviðar, Ásrún Elmarsdóttir. Nokkuð margar plöntur. Flestar með þroskuðum gróhirslum. Vex á áreyrum og á snjóældarsvæðum.

*Dicranum tauricum* Sapjegin - **Fauskabruskur**

Á válista. Safnað 1974 á dauðum birkileifum og utan á birkiberki í Vatnsdal í Vatnsfirði. Heldur fáar plöntur, án gróhirslna en fjölgar sér með blaðbrotum.

*Ditrichum zonatum* (Brid.) Braithw. - **Klettavendill**

Á válista. Safnað 1979 í klettum við læk í Skálmardal við Skálmarfjörð. Þéttur toppur margra plantna, án gróhirslna en fjölgar sér með greinum sem losna frá móðurplöntunni.

*Drepanocladus sordidus* (Müll.Hal.) Hedenäs - **Keldulufsa**

Á válista. Safnað 1981 í mýri við Gaulverjabæ. Nokkrar vel þroskaðar plöntur, án gróhirslna.

*Encalypta brevipes* Schljakov - **Hærulukka**

Á válista. Safnað í hrauni við Hafnarfjörð, síðast 1961. Það svæði er nú farið undir byggð. Safnað 1992 í Afstapahrauni. Safnað í klettum við

Kerið í Grímsnesi 1983 og utan í klettum við Kotvöll nálægt Hvolsvelli 1981. Alls staðar aðeins örfáar plöntur, alltaf einhverjar með gróhirslum.

*Entosthodon attenuatus* (Dicks.) Bryhn - **Laugaseti**

Á válista. Safnað í jarðhita í Bjarnarfirði á Ströndum. Fyrst 1961 á Klúku, Dóra Jakobsdóttir. Síðar safnað í Goðdal 1969 og 1983, á Klúku 1976 og á Svanshóli 1976 og 1994. Mörg góð eintök með gróhirslum frá Goðdal og Svanshóli. Safnað í jarðhita við Reykjanesveri við Reykjanesvita 1965. Góð eintök með gróhirslum. Hefur ekki fundist þar síðan. Safnað við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum 1979. Aðeins eitt eintak, með gróhirslu. Safnað í jarðhita á Englandi í Lundareykjadal 1981. Mörg góð eintök með gróhirslum.

*Entosthodon obtusus* (Hedw.) Lindb. - **Hveraseti**

Á válista. Safnað í jarðhita á Kleppjárnsreykjum í Reykholtssdal 1912, A. Hesselbo. Örfá eintök, með gróhirslum. Hefur ekki fundist á þessu svæði síðan. Safnað í jarðhita við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum 1975, Árni Einarsson. Örfá, gróhirslulaus eintök.

*Ephemerum serratum* (Hedw.) Hampe - **Dægurmosi**

Á válista. Safnað 1990 á þornuðum tjarnarbotni við Sauðakot, Ólafsfjarðarmúla, Elín Gunnlaugsdóttir. Nokkrar plöntur með gróhirslum.

*Eurhynchium striatum* (Hedw.) Schimp. - **Giljaspori**

Á válista. Safnað 1975 undir rökum móbergsklettum í Hvammsgili í Mýrdal. Margar plöntur, án gróhirslna. Safnað undir rökum klettum við Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum 1981. Örfáar plöntur, án gróhirslna.

*Fissidens gracilifolius* Brugg.-Nan. et Nyholm - **Hellafjöður**

Á válista. Safnað 1975 utan í veggjum móbergshellis í Deildarárgili í Mýrdal. Allmargar plöntur, án gróhirslna.

*Fissidens pusillus* (Wilson) Milde - **Lækjafjöður**

Á válista. Safnað á steinum í heitum læk í Hveragerði 1973, 1974 og 1975. Margar plöntur, með gróhirslum. Lækurinn er ekki til lengur og tegundin er horfin af þessum stað. Safnað 1981 við volga uppsprettu nálægt lauginni á Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Aðeins örfáar plöntur, án gróhirslna.

*Glyphomitrium daviesii* (Dicks.) Brid. - **Hnyðrumosi**

Á válista. Safnað 1948 utan í klapparholti í Öskjuhlíð, K. Holmen og safnað aftur á sama stað 1983. Safnað 1974 á steinum í fjörunni í

Selavík, Stöðvarfirði og 1982 á steinum við Kópavogskirkju. Allmörg eintök, nokkur með gróhirslum.

*Grimmia alpestris* (F.Weber et D.Mohr) Schleich. - **Fjallaskeggi**

Safnað 1963 í 500 m hæð y.s. á Svinárnesi á Látraströnd við Eyjafjörð, Helgi Hallgrímsson, 1969 á klettum í lækjargili í Goðdal á Ströndum og 1973 á steini í Ólafsfirði. Allt góð sýni, allmörg eintök með gróhirslum.

*Grimmia elongata* Kaulf. - **Brúnskeggi**

Á válista. Safnað 1965 á Kvískerjum í Örfæfum, 1981 í mynni Steinadals í Suðursveit og 1993 vestan Kolgrímu. Vex í klettum og á steinum. Allt góð sýni, án gróhirslna.

*Grimmia plagiopodia* Hedw. - **Veggjaskeggi**

Á válista. Hefur verið safnað á steiptum veggjum í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík frá 1958 til 1997. Vex þar enn. Plöntur oft með gróhirslum. Safnað 1984 á sandsteinsklettum í Þórðarhöfða í Skagafirði, Haukur Jóhannesson. Nokkrar plöntur, með gróhirslum. Safnað 1998 á steiptum vegg í kirkjugarðinum á Barði í Fljótum. Allnokkrar plöntur, með gróhirslum.

*Gyroweisia tenuis* (Hedw.) Schimp. - **Loðmosi**

Á válista. Safnað 1984 í sandsteinsklettum í Þórðarhöfða í Skagafirði, Haukur Jóhannesson. Allmargar plöntur með aragrúa af æxlíkappum.

*Haplomitrium hookeri* (Sm.) Nees - **Serkmosi**

Safnað á moldarhnaus í leirflagi við Vellankötlum á Þingvöllum 1973. Nokkur eintök, með gróhirslum. Einnig fundinn í nýrækt á Hvanneyri (Dierssen 1973).

*Herbertus stramineus* (Dumort.) Trevis. - **Klaufmosi**

Safnað 1967 í hraunbolla í Brunahrauni, 1974 og 1981 í hrauninu við Orustuhól í Brunahrauni og 1973 í urð vestan undir Lómagnúp. Hefur einnig verið safnað í Skaftafelli (Dierssen 1973). Margar plöntur á hverjum stað.

*Homalia trichomanoides* (Hedw.) Schimp. - **Skræðumosi**

Á válista. Safnað 1981 á steinum við Þjórsá, við Þjórsárbrú, og í rökum klettum á Núpi, austan Hvolsvallar. Margar plöntur á báðum stöðum. Safnað á Egilsstöðum 1990, á klettum við Lagarfljót. Aðeins örfáar plöntur.

*Hookeria lucens* (Hedw.) Sm. - **Glómosi**

Safnað á jarðhitasvæði í Þjófhellisrjóðri í Eldborgarhrauni í Kolbeinsstaðahreppi. Með óþroskuðum gróhirslum (Ágúst H. Bjarnason 2000).

*Hylacomiastrum pyrenaicum* (Spruce) M.Fleisch. - **Stigmosi**

Á válista. Safnað 1973 á Holtavörðuheiði, J.-P. Frahm. Nokkuð margar plöntur. Safnað 1978 í Hlíðarfjalli við Akureyri. Aðeins fremri hlutinn af einum stöngli. Jones (1946) getur þess að hann hafi fundið örfáa stöngla í 450 m hæð y.s. í nágrenni Dalvíkur.

*Hypnum pratense* W.Koch ex Spruce - **Engjafaxi**

Safnað 2000 í raka við dý í Villinganesi í Skagafirði, Kristbjörn Egilsson. Örfáar plöntur, án gróhirsna.

*Jungermannia caespiticia* Lindenb. - **Hverableðla**

Safnað í jarðhita við Deildartunguhver 1980 og 1994. Allmargar plöntur, með æxlikornum og fösturhyllkjum. Safnað 1996 við volgrur á Hveravöllum á Kili, Sigurður H. Magnússon.

*Kurzia pauciflora* (Dicks.) Grolle - **Kræklumosi**

Safnað 1886 við Merkjárfoss í Fljótshlíð, A. Feddersen. Hefur verið safnað í mýri. Aðeins örfáar plöntur. Hefur ekki fundist þar síðan. Aðstæður hljóta að hafa breyst verulega því ég sé ekki að neinn vænlegur vaxtarstaður sé fyrir þessa tegund þarna nú. Tegundin verður því að teljast horfin úr íslensku mosaflórunni.

*Lepidozia reptans* (L.) Dumort. - **Griplumosi**

Safnað 1980 í mýri á Hvítanesi við Skötufjörð. Aðeins fáar plöntur.

*Leptodictyum riparium* (Hedw.) Warnst. - **Pollalæpa**

Á válista. Safnað 1981 við tjörn í Sandgerði og 1992 við tjörn við Litlabæ á Vatnsleysuströnd, Borgþór Magnússon. Fá eintök á hvorum stað.

*Lescuraea plicata* (F.Weber et D.Mohr) Broth. - **Hrukkuleskja**

Á válista. Safnað 1981 í um 500 m hæð y.s. í Reykjadal í Dalasýslu, Haukur Jóhannesson. Allmörg góð eintök, gróhirslulaus.

*Leskea polycarpa* Hedw. - **Greppmosi**

Safnað 2001 á klettum við ána nálægt Urriðafossi í Þjórsá, Kristbjörn Egilsson. Allmargar plöntur, sumar með gróhirslum.

*Marsupella funckii* (F.Weber et D.Mohr) Dumort. - **Hveragletta**

Safnað 1965 við gufuúttstreymisop á jarðhitasvæðinu við Reykjanesvita og 1967 við gufuúttstreymisop á jarðhitasvæðinu við Mývatn. Nokkuð mörg eintök, án gróhirslna. Hefur ekki fundist aftur við Reykjanesvita.

*Marsupella sparsifolia* (Lindb.) Dumort. - **Gjótugletta**

Safnað 1970 í hraungjótu í Búðahrauni á Snæfellsnesi. Örfáar plöntur, með gróhirslum.

*Marsupella spiniloba* R.M.Schust. et K.Damsh. - **Fjallagletta**

Safnað 1973 á fjallamel á Lágheiði, 1979 við gufuop við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum og 1997 í Bjólfinum við Seyðisfjörð, Guðrún Á. Jónsdóttir. Mörg eintök frá Landmannalaugum en frá hinum stöðunum aðeins örfá eintök, án gróhirslna.

*Metzgeria conjugata* Lindb. - **Klettarefill**

Safnað 1989 í klettaskoru við foss í Eyvindarmúla í Fljótshlíð. Margar plöntur.

*Molendoa warburgii* (Crundw. et M.O.Hill) R.H.Zander - **Hnúfmosi**

Á válista. Safnað 1972 í móbergskletti í Hánni í Heimaey, Skúli Þ. Magnússon. Allmargar plöntur, gróhirslulausar.

*Neckera crispa* Hedw. - **Hrukkunæfur**

Á válista. Safnað 1974 utan í móbergsklettum austan undir Ingólfsfjalli. Mjög góð eintök.

*Orthothecium rufescens* (Brid.) Schimp. - **Gjótusindri**

Á válista. Safnað 1988 í klettum í Stakkholtsgjá við Þórsmörk. Einnig safnað 1988 í hraungjótum í Dimmuborgum við Mývatn, R. Lübenau. Allþokkaleg sýni.

*Orthotrichum stramineum* Hornsch. ex Brid. - **Trjáhetta**

Á válista. Skaftafell. Hefur verið safnað nokkrum sinnum á gulviði- og birkistofnum. Oftast með gróhirslum.

*Orthotrichum striatum* Hedw. - **Barkhetta**

Á válista. Skaftafell. Hefur verið safnað nokkrum sinnum á gulviði- og birkistofnum. Oftast með gróhirslum.



*Peltolepis quadrata* (Saut.) Müll.Frib. - **Flyksumosi**

Safnað 1968 utan í móbergskletti í Vesturbjörgum í Esju fjöllum. Safnað 1993 austan við Fólavatn, norðan Eyjabakkajökuls, Kristbjörn Egilsson. Á báðum stöðum aðeins örfáar plöntur, með gróhirslum.

*Philonotis marchica* (Hedw.) Brid. - **Laugahnappur**

Á válista. Safnað 1965 í jarðhita á Reykjum í Fnjóskadal. Safnað 1977 í jarðhita í Jarðbaðshólum við Mývatn, Helgi Hallgrímsson. Safnað 1982 í jarðhita í Laugarvalladal, sunnan Þríhyrningsfjallgarðs, Kristbjörn Egilsson. Safnað 1997 á jarðhitasvæði í Hveragerði. Allmargar vel þroskaðar plöntur frá Reykjum, Laugarvalladal og Hveragerði. Tegundin hefur ekki fundist hér með gróhirslum en fjölgar sér með smágreinum.

*Plagiobryum demissum* (Hook.) Lindb. - **Roðadári**

Á válista. Safnað 1967 á mold í götturoðningi á Fitjum í Steingrímsfirði. Nokkuð margar plöntur, með gróhirslum. Dierssen (1973) getur þessarar tegundar úr Steingrímsfirði og Hesselbo (1918) úr Esju, upp af Möðruvöllum.

*Polytrichum hyperboreum* R.Br. - **Hæruhaddur**

Á válista. Safnað 1969, líklega á skurðbakka, á Framengjum í Mývatnssveit, Arnþór Garðarsson. Aðeins karlplöntur. Það er alveg óvist að tegundin vaxi þarna ennþá.

*Pseudocalliergon lycopodioides* (Brid.) Hedenäs - **Digurdoppa**

Á válista. Safnað 1997 í tjörn í Breiðumýri, fyrir ofan Eyrarbakka. Fá eintök. Einnig fundinn á Skeggjastöðum við Bakkaflóa (Dierssen 1973).

*Pseudoleskeella tectorum* (Brid.) Kindb. ex Broth. - **Fjallalýja**

Á válista. Safnað 1966 á þurrum móbergsklettum við Jörundarfell í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Allmargar plöntur, án gróhirslna.

*Pseudotaxiphyllum elegans* (Brid.) Z.Iwats. - **Blikmosi**

Á válista. Safnað 1912 í jarðhita við Hveragerði, A. Hesselbo. Safnað 1980 í klettum við Hestfjarðarbotn. Safnað 1983 í Búrfelli á Snæfellsnesi, Haukur Jóhannesson. Án gróhirslna en tegundin fjölgar sér með smágreinum. Mörg eintök frá Búrfelli en fá frá hinum fundarstöðunum.

*Psilopilum cavifolium* (Wilson) I.Hagen - **Rindaskalli**

Á válista. Safnað í 1150 m hæð y.s. á Torfufelli í Eyjafirði, Helgi Hallgrímsson. Örfáar plöntur, án gróhirslna.

*Pterogonium gracile* (Hedw.) Sm. - **Sveigmosi**

Safnað 1973 á Kirkjubæjarklaustri og 1981 við Hörgslandskot á Síðu. Einnig safnað á Drangshlíð undir Eyjafjöllum 1983, L. Hedenäs. Safnað þar aftur 1984. Alls staðar í móbergsklettum. Margar plöntur frá öllum stöðunum.

*Rhynchostegium confertum* (Dicks.) Schimp. - **Klettsnápur**

Á válista. Safnað 1959 á Hrútafelli undir Eyjafjöllum, Steinn V. Magnússon. Margar plöntur, með gróhirslum. Safnað 1967 á steinum á rakri sandeyri við Höfðabrekku í Mýrdal. Fáar plöntur, með gróhirslum.

*Rhynchostegium murale* (Hedw.) Schimp. - **Veggjasnápur**

Á válista. Safnað 1914 á móbergsklettum á Hrútafelli undir Eyjafjöllum, A. Hesselbo. Hann getur tegundarinnar einnig frá Drangshlíð (Hesselbo 1918). Safnað 1959 í Vík í Mýrdal, Steinn V. Magnússon. Nokkuð mörg eintök, með gróhirslum.

*Riccia cavernosa* Hoffm. - **Hveranistill**

Safnað 1986 í heitu leirflagi á hverasvæðinu við Reykjanesvita. Fáar plöntur, með gróhirslum. Hefur ekki fundist þar síðan. Safnað 1981 í leirflagi við hver á Norðurreykjum í Hálsasveit. Fjöldi plantna, með gróhirslum.

*Scapania obscura* (Arnell et C.E.O.Jensen) Schiffn. - **Dökkleppur**

Safnað 1974 við læk í snjódæld í Ósfjöllum við Héraðsflóa. Frekar fá eintök, með æklikornum. Þetta er smávaxin og lítið áberandi tegund og líklegt að hún sé víðar en hafi farið fram hjá mönnum.

*Schistidium atrofusum* (Schimp.) Limpr. - **Skjónukragi**

Á válista. Safnað 1973 á gjalli á Stóru-Drageyri í Skorradal. Allmargar plöntur, með gróhirslum.

*Schistidium dupretii* (Thér.) W.A.Weber - **Smákragi**

Á válista. Safnað á vegg kirkjugarðsins við Suðurgötu 1997. Vex þar enn. Safnað á steiptum vegg í kirkjugarðinum á Siglufirði 1998. Allmargar plöntur, flestar með fullþroskuðum gróhirslum.

*Schistidium flaccidum* (De Not.) Ochyra - **Perlukragi**

Á válista. Safnað 1973 á steini á Hreimstöðum í Borgarfirði og 1981 í klettum á Núpi austan við Hvolsvöll. Allnokkrar plöntur, margar með gróhirslum.

*Schistidium pruinatum* (Wilson ex Schimp.) G.Roth - **Örðukragi**

Safnað 1972 á steiptum stólpa við Krýsuvíkurveg í Hafnarfjarðarhrauni. Fáar plöntur, með gróhirslum. Safnað 2003 á húspaki við Laugarás í Biskupstungum, Ólafur Einarsson. Nokkrar plöntur, sumar með gróhirslum.

*Schistidium submuticum* Zickendr. ex H.H.Blom - **Veggjakragi**

Safnað 1973 á vegg kirkjugarðsins við Suðurgötu. Aðeins fáar plöntur, flestallar með gróhirslum.

*Schistidium tenerum* (J.E.Zetterst.) Nyholm - **Bráðkragi**

Á válista. Safnað 1979 í klettum við sjó á Hvalvíkurnesi við Tálknafjörð. Vænn toppur.

*Seligeria brevifolia* (Lindb.) Lindb. - **Bikarmosi**

Á válista. Safnað 1965 innan á veggjum og lofti raks móbergshellis við Kleifarvatn. Allmargar plöntur, með gróhirslum.

*Sphagnum affine* Renauld et Cardot - **Gaddaburi**

Á válista. Hefur verið safnað við Þorlákshver í Skálholti, síðast 1961, í jarðhita á Laugarási, Biskupstungum, síðast 1975 og í mýri á Búðum á Snæfellsnesi, síðast 1973. Var einnig safnað í mömýri í Silfurtúni (Garðabæ) 1988. Allt þokkaleg sýni.

*Sphagnum angermanicum* Melin - **Glæsiburi**

Á válista. Safnað við heitan læk við Reykjaskóla í Hrutafirði 1992. Aðeins fannst ein smáþúfa. Vex þar ekki lengur. Vegur hefur verið lagður yfir vaxtarstaðinn. Tegundin verður því að teljast horfin úr íslensku mosafllórunni.

*Sphagnum capillifolium* (Ehrh.) Hedw. - **Flikruburi**

Safnað 1973 við Syðstahver í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu, B. Lange. Hefur ekki fundist á þessu svæði síðan. Safnað 1981 í jarðhita á Hurðarbaki í Borgarfirði. Óx þar í talsverðu magni. Safnað 1981 í jarðhita í Hvammi í Hrunamannahreppi. Óx þar í nokkru magni. Virtist horfinn 1983 en þá fundust nokkrar plöntur í jarðhita á Flúðum. Auk þess hafa fundist örfáar plöntur á Mýrum í Grundarfirði, 1965, Ingólfur Davíðsson og í Eldborgarhrauni (Dierssen 1973).

*Sphagnum magellanicum* Brid. - **Fagurburi**

Á válista. Safnað 1978 í mýrinni austanvert við Eiðisvatn við Grundartanga. Óx þar í allstórum þúfum í talsverðu magni. Safnað

1981 í jarðhita á Hurðarbaki í Borgarfirði. Óx þar í stórri, samfelldri breiðu.

*Sphagnum strictum* Sull. - **Broddaburi**

Á válista. Safnað í mýri á Búðum á Snæfellsnesi 1970 og 1973. Hefur ekki fundist þar nýlega þrátt fyrir leit enda er vaxtarstaðurinn gjörbreyttur frá sem var og er nú innan hrossagirðingar. Tegundin er líklega horfin úr íslensku mosaflórunni.

*Sphenolobopsis pearsonii* (Spruce) R.M.Schust. - **Forkmosi**

Safnað í votlendi á Steinólfsstöðum í Veidíleysufirði í Jökulfjörðum 1969. Fáar plöntur.

*Stegonia latifolia* (Schwägr.) Venturi ex Broth. - **Hnoðmosi**

Á válista. Safnað 1898 á Ósi og Hofi í Hörgárdal, Ólafur Davíðsson. Safnað 1959 á Droplaugarstöðum í Fljótssdal, Helgi Hallgrímsson. Safnað 1964 í hrauninu við Mývatn. Alls staðar aðeins örfáar plöntur, með gróhirslum.

*Tayloria acuminata* Hornsch. - **Bjarglaufi**

Á válista. Safnað 1981 í urð í Hornbjargi, Haukur Jóhannesson. Ríkulegt sýni af góðum eintökum. Plöntur án gróhirslna. Þetta mun dæmigerður vaxtarstaður fyrir tegundina. Ekki er vitað hvort hún vex víðar í Hornbjargi en á þessum eina stað. Mosum hefur ekki verið safnað sérstaklega í öðrum fuglabjörgum.

*Tetraplodon pallidus* I.Hagen - **Fjalladjásn**

Á válista. Safnað 1984 í 500-700 m hæð y.s. í Molduxa í Skagafirði, Haukur Jóhannesson. Hefur vaxið á taði. Eintök með fjölda gróhirslna.

*Thuidium delicatulum* (Hedw.) Mitt. - **Engjaflos**

Á válista. Safnað 1912 í jarðhita við Þorlákshver í Skálholti, A. Hesselbo. Safnað í jarðhita við Laugaráshver 1973, 1975 og 1997. Einnig safnað í graslendi í fjallshlíð við Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum 1981. Margar pöntur frá Skálholti og Laugarási.

*Timmia comata* Lindb. et Arnell - **Skurutoppur**

Á válista. Safnað 1974 í Hallormsstaðarskógi, í klettaskoru í gili við Lagarfljót. Safnað 1984 í Hörgárgili við Staðarbakka í Hörgárdal, Helgi Hallgrímsson. Nokkuð góð eintök frá báðum stöðum, án gróhirslna.

*Tortula modica* R.H.Zander - **Götusnúður**

Á válista. Safnað í móbergsklettum við Fiskhella í Heimaey 1972, Skúli Þ. Magnússon og 1977, Konráð Þórisson. Nokkrar plöntur, með gróhirslum.

*Tortula truncata* (Hedw.) Mitt. - **Garðasnúður**

Á válista. Safnað 1972 við Vilborgarvilpu í Heimaey, á mold á gamalli grjóthleðslu, Skúli Þ. Magnússon. Allmargar plöntur, með gróhirslum.

*Trematodon ambiguus* (Hedw.) Hornsch. - **Skurðhökull**

Á válista. Safnað 1909 í skurðbakka nálægt Borgarnesi, A. Hesselbo. Góð eintök með gróhirslum. Fundinn við sömu aðstæður á Laugarvatni (Dierssen 1973). Þessi tegund er þekkt fyrir að birtast einhvers staðar en hverfa þaðan fljótlega aftur. Tilvist og þá útbreiðsla hér alveg óviss.

*Trematodon brevicollis* Hornsch. - **Heiðahökull**

Á válista. Safnað í 700 m hæð y.s. í Möðruvallafjalli í Eyjafirði 1963, Helgi Hallgrímsson. Einnig safnað ofan á bálki á rústasvæði við Orravatn 1984. Á báðum stöðum með gróhirslum en aðeins fundust fá eintök.

*Trichostomum tenuirostre* (Hook. et Taylor) Lindb. - **Gjótustubbur**

Á válista. Safnað 1982 í hraungjótu við Elliðavatn og í gjótu milli steina við Kópavogskirkju. Aðeins fáar plöntur.

**ÞAKKIR**

Dóra Jakobsdóttir og Erling Ólafsson lásu handrit og lagfærðu. Erling sá um endanlegan frágang handrits. Kann ég þeim best þakkir fyrir góða samvinnu.

**EFTIRMÁLI**

Þegar ég nú lýk þessu hefti eru liðin 14 ár frá því ég fór að ganga frá fyrsta heftinu um íslenska mosa í þessari ritröð. Heftin eru nú orðin 21. Þessi langi tími er bæði kostur og galli. Aðalgallinn er að heftin verða nokkuð erfið í notkun. Þau eru ekki í réttri kerfisröð. Skoðanir mínar hafa breyst á ýmsu á þessu tímabili. Nú nota ég annað kerfi en í upphafi. Fleira mætti til tína. Í sumum tilvikum hef ég vitað að umfjöllun mín var aðeins til bráðabirgða. Ég yrði að skoða þennan ákveðna hóp áfram og koma með betri umfjöllun síðar. Þegar ég hef ekki verið sáttur við umfjöllun mína um einhvern hóp hef ég reynt að taka mér tíma til að rannsaka hann nánar og hef lagt sérstaka áherslu á að leiðrétta þau mistök sem ég hef gert. Aðalkosturinn við þennan langa tíma er að hann hefur gefið mér kost á að bæta og leiðrétta.

Best hefði auðvitað verið að gefa þetta út í einni bók sem heildstæða flóru. Það var og er ljóst að enginn grundvöllur er fyrir slíku hér. Sú aðferð sem ég notaði var eini möguleikinn sem ég sá til að koma þessu út og þá var ekki um annað að ræða en að fá þetta birt smám saman á mörgum árum. Þeir sem ritað hafa mosaflóru með teikningum annars staðar hafa flestir varið til þess áratugum og hafa þó ekki haft nema annað hvort soppmosa eða baukmosa á sinni könnu. Þeir hafa einnig átt vísan útgefanda. Það væri hægt að gera úr þessu eina bók með því að raða þessu upp og stytta en ég sé enga möguleika á slíku nú. Það tíðkast nú að gefa út myndabækur þar sem nokkrar tegundir eru valdar úr til að sýna. Þær geta svo sem verið gagnlegar en raunverulegar mosaflóru eru þetta ekki og frá sjónarhóli mosafræðinga er slíkt hálfkák.

Ýmsir munu telja að það vanti heildargreiningarlykil yfir alla mosa. Það kann að vera rétt. Slíkur lykill verður ekki saminn fyrr en ljóst er um allar þær tegundir sem í honum eiga að vera. Ég tel í rauninni slíkan lykil það gagnslausan að það kom aldrei til greina að eyða tíma nú í að reyna að koma honum saman. Skrárnar í þessu hefti eru miklu mikilvægari en hálfónýtur greiningarlykill. Lyklar eru aðeins hjálpartæki og aldrei á að enda greiningu í lykli. Lýsingu og teikningar verður alltaf að bera saman við eintökin og skoða aðra möguleika. Við raunverulega greiningu notar maður helst enga lykla. Það sem gildir er að þekkja tegundina. Menn eru varla nothæfir greinendur ef þeir þurfa á lykllum að halda nema í sérstökum tilvikum. Kerfi baukmosanna er t.d. fyrst og fremst byggt á opkransinum og menn eru æðioft að fást við gróhirslulaus eintök. Þessu má líkja við að greina óblómgaða stöð eða gras. Menn kynnast tegund smám saman eftir því sem þeir skoða hana oftar.

Þekkingin byggist upp smám saman með reynslunni. Ég verð að viðurkenna að sumar sjaldgæfari tegundirnar þekki ég lítið.

Ég hljóp að sjálfsögðu ekki til fyrir 14 árum og fór að skrifa mosaflóru. Ég hafði þá áratuga reynslu af að fást við mosa og hafði lengi haft í huga að reyna að koma saman grunni að íslenskri mosaflóru á íslensku. William C. Steere var fyrsti erlendi mosafræðingurinn sem kom hingað eftir að ég hóf störf. Hann gerði mér ljóst hversu mikinn áhuga erlendir mosafræðingar hefðu á að hafa aðgang að betri upplýsingum um íslensku mosaflórana en fyrir lágu og hvatti mig eindregið til að koma saman mosaflóru. Eftir að verkið hófst sýndu margir þeirra því mikinn áhuga, sérstaklega vil ég nefna Alan C. Crundwell og Jette Lewinsky-Haapasaari. Þessir mosafræðingar komu hingað og þekktu því íslensku mosaflórana að nokkru af eigin raun. Rannsóknir mosafræðinga í nágrannalöndunum á einstökum ættkvíslum hafa komið mér til góða því ýmsir þeirra fengu að láni eintök héðan sem þeir tóku með í rannsóknir sínar. Sérstaklega ber að nefna Arne A. Frisvoll með tegundahópa í *Racomitrium*, Hans H. Blom með tegundahópa í *Schistidium* og Lars Hedenäs með ættkvíslir innan Amblystegiaceae. Rannsóknir þessara manna eru einhverjar þær vönduðustu sem ég veit um í þessum fræðum.

Ég hef notið góðs stuðnings starfsmanna Náttúrufræðistofnunar. Mikið af mosum hefur borist beinlínis vegna aðkeyptra rannsóknarverkefna. Sérstaklega þakkarvert er framlag þeirra sem hafa safnað fyrir mig mosum og fært mér án þess að þeir væru í vinnu við það. Ber þar fyrstan að nefna Hauk Jóhannesson, jarðfræðing. Einnig hafa grasafræðingarnir Helgi Hallgrímsson og Hörður Kristinsson verið drjúgir en Helgi er mér nokkur orlagavaldur því hann átti, viljandi eða óviljandi, verulegan þátt í því að ég fékk sérstakan áhuga á mosum.

Ég hef sjálfur teiknað allar þær teikningar sem í heftunum eru. Mér finnst nauðsynlegt að það séu íslensk eintök sem eru teiknuð í íslenskri mosaflóru. Þess vegna eru t.d. ekki teiknaðar gróhirslur hjá þeim tegundum sem ekki hafa fundist með gróhirslum hér á landi, þótt ég hafi undir höndum eintök með gróhirslum erlendis frá. Að taka teikningar eða myndir úr erlendum bókum tel ég ekki viðunandi. Þýðing þessa kom berlega í ljós meðan á verkinu stóð. Þannig þurfti t.d. Lars Hedenäs ekki annað en að líta á teikningar mínar af *Hedwigia ciliata* til að sjá að það var *H. stellata* sem var á Íslandi eftir að hann hafði skipt *H. ciliata* í Svíþjóð í tvær tegundir, *H. ciliata* og nýju tegundina *H. stellata*. Slík dæmi eru fleiri. Ég tel að mosafræðingar eigi helst að teikna sjálfir vegna þess að þeir ættu að vera allra manna færastir um að ná fram þeim einkennum sem mestu máli skipta.

Ég hef gefið öllum tegundum íslensk nöfn eftir ákveðnu kerfi. Þessi hluti verksins hefur að sumu leyti verið erfiðastur. Íslendingar hafa ekki skipt sér af öðrum þáttum en fyrir þennan þátt hef ég hlotið ýmsar háðsglósur og ákúrur. Sumir hafa gefið mér sterklega til kynna að það væri ófært að láta einn mann um þetta án eftirlits. Færra hefur verið um nýtilegar tillögur. Gömul nöfn sem ég nota eru: barnamosar (*Sphagnum*), gamburmosar (*Racomitrium*) og sverðmosi (*Bryoxiphium norvegicum*). Nokkur eru komin frá Helga Hallgrímssyni: bleðlumosar (*Jungermannia*), fossmosi (*Thamnobryum alopecurum*), hælumosar (*Anthelia*), hraukmosi (*Antitrichia curtispindula*), klómosar (*Warnstorfia*), rekilmosi (*Paludella squarrosa*), skrápmosar (*Palustriella*), taðmosar (*Splachnum*) og örmosi (*Aongstroemia longipes*). Ég minnst þess ekki að nokkur annar hafi lagt til nein nöfn sem ég nota hér. Ekki vilja allir nota þau nöfn sem ég hef sett á mosana en það læt ég mér í léttu rúmi liggja. Það er enginn nauðbeygður til þess.

Sú mosaskrá sem hér er birt á að vera öruggari en fyrri skrár. Það á að vera búið að hreinsa út allar tegundir sem hafa slæðst inn í fyrri skrár en hafa í rauninni aldrei fundist hér. Það gerir minna til þótt í hana vanti einhverjar sem eru hér. Hversu lengi þetta helst er svo undir hælinn lagt. Sagan er sögð endurtaka sig. Alveg frá því fyrsta skrá yfir allar íslenskar mosategundir var birt (Müller 1770) hafa slíkar skrár verið afar óáreiðanlegar. Þannig telur Hesselbo (1918) t.d. að yfir helmingur mosategundanna í skránni hjá Lindsay (1861) sé rangur og mun það sist ofætlað. Grönlund gagnrýndi fyrri skrár harðlega og reyndi að hreinsa til (Grönlund 1873). Varkárni hans í upphafi varð þó til lítills, því þegar í næstu skrá sinni (Grönlund 1881) hafði hann tekið inn margar þeirra tegunda sem hann hafði fulla ástæðu til að efast um. Hesselbo (1918) var mun gagnrýnni en fyrirrennarar hans og hreinsaði verulega til. Hann trúði þó of vel eldri greiningum, sérstaklega ef þar áttu í hlut eldri og þekktari mosafræðingar. Hann tók því ýmsar tegundir inn í rit sitt á röngum forsendum. Rit Hesselbos var þó óumdeilanlega nýr grundvöllur sem var unnin af samvirkusemi. Ef öllum þeim tegundum sem sagðar eru hafa fundist hér síðan 1918 hefði einfaldlega verið bætt við skrá Hesselbos væri sú skrá ekki mikils virði. Ég mæli því með því að farið sé varlega í að bæta við tegundum en ég er þó sannfærður um að það eiga eftir að bætast nokkrar tegundir við á næstunni ef mosarannsóknur verður haldið hér áfram.



**HEIMILDIR**

- Anderson, L.E., H.A. Crum & W.R. Buck 1990. List of the mosses of North America north of Mexico. *The Bryologist* 93: 448-499.
- Ágúst H. Bjarnason 2000. Glómosi (*Hookeria lucens* (Hedw.) Sm.) í Eldborgarhrauni, Kolbeinsstaðahreppi. *Náttúrufræðingurinn* 69: 69-76.
- Beckert, S., S. Steinhauser, H. Muhle & V. Knoop 1999. A molecular phylogeny of bryophytes based on nucleotide sequences of the mitochondrial nad5 gene. *Plant Syst. Evol.* 218: 179-192.
- Bergþór Jóhannsson 1983. A list of Icelandic bryophyte species. *Acta Naturalia Islandica* 30. 29 s.
- Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir mosar. Barnamosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 12. 94 s.
- Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Sótmosaætt og haddmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 13. 71 s.
- Bergþór Jóhannsson 1991. Íslenskir mosar. Brúskmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 19. 119 s.
- Bergþór Jóhannsson 1992a. Íslenskir mosar. Vendilmosaætt, sverðmosaætt, fjöðurmosaætt og bikarmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 20. 78 s.
- Bergþór Jóhannsson 1992b. Íslenskir mosar. Grýtumosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 21. 122 s.
- Bergþór Jóhannsson 1995a. Íslenskir mosar. Skænumosaætt, kollmosaætt, snoppumosaætt, perlumosaætt, hnappmosaætt og toppmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 26. 129 s.
- Bergþór Jóhannsson 1995b. Íslenskir mosar. Hnokkmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 27. 162 s.
- Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar. Breytingar og skrár. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 36. 101 s.
- Bergþór Jóhannsson 1999. Íslenskir mosar. Hornmosar og 14 ættir soppmosa. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 38. 108 s.
- Bergþór Jóhannsson 2000. Íslenskir mosar. Lápmosaætt, kólfmosaætt og væskilmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 41. 151 s.
- Bergþór Jóhannsson 2001. Íslenskir mosar. Bleðlumosaætt og leppmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 42. 100 s.
- Blockeel, T.L. & D.G. Long 1998. A Check-list and Census Catalogue of British and Irish Bryophytes. British Bryological Society, Cardiff. 208 s.
- Blockeel, T.L. & A.J.E. Smith 1998. *Pottiopsis* gen nov. and notes on other taxa of British and Irish Pottiaceae. *Journal of Bryology* 20: 65-68.
- Brotherus, V.F. 1923. *Die Laubmoose Fennoscandias*. Helsingfors.

- Buck, W.R. & B. Goffinet 2000. Morphology and classification of mosses. Í: A.J. Shaw & B. Goffinet (eds.). *Bryophyte Biology*: 71-123. Cambridge University Press.
- Buck, R.W., B. Goffinet & A.J. Shaw 2000. Novel Relationships in Pleurocarpous Mosses as Revealed by cpDNA Sequences. *The Bryologist* 103: 774-789.
- Corley, M.F.V., A.C. Crundwell, R. Düll, M.O. Hill & A.J.E. Smith 1981. Mosses of Europe and the Azores; an annotated list of species, with synonyms from the recent literature. *Journal of Bryology* 11: 609-689.
- Corley, M.F.V. & A.C. Crundwell 1991. Additions and emendments to the mosses of Europe and the Azores. *Journal of Bryology* 16: 337-356.
- Cox, C.J., B. Goffinet, A.E. Newton, A.J. Shaw & T.A. Hedderson 2000. Phylogenetic relationships among the diplolepidous-alternate mosses (Bryidae) inferred from nuclear and chloroplast DNA sequences. *The Bryologist* 103: 224-241.
- Crandall-Stotler, R. & R.E. Stotler 2000. Morphology and classification of the Marchantiophyta. Í: A.J. Shaw & B. Goffinet (eds.). *Bryophyte Biology*: 21-70. Cambridge University Press.
- Crum, H. & L.E. Anderson 1981. *Mosses of Eastern North America*. Columbia University Press.
- Damsholt, K. 2002. *Illustrated Flora of Nordic Liverworts and Hornworts*. Nord. Bryol. Soc., Lund.
- De Luna, E., A.E. Newton, A. Withey, D. Conzáles & B.D. Mishler 1999. The transition to pleurocarpy: a phylogenetic analysis of the main diplolepidous lineages based on rbcL sequences and morphology. *The Bryologist* 102: 634-650.
- De Luna, E., W.R. Buck, H. Akiyama, T. Arikawa, H. Tsubota, D. Conzáles, A.E. Newton & A.J. Shaw 2000. Ordinal phylogeny within the hypnobryalean pleurocarpous mosses inferred from cladistic analyses of three chloroplast DNA sequence data sets: trnL-F, rps4, and rbcL. *The Bryologist* 103: 242-256.
- Derda, G.S., R. Wyatt & J. Hyvönen 1999. Genetic similarities among the Hair-Cap mosses (Polytrichaceae) as revealed by enzyme electrophoresis. *The Bryologist* 102: 352-365.
- Dierssen, K. 1973. *Ergänzungen zur Moosflora Islands*. *Herzogia* 3: 83-109.
- Dixon, H.N. & H.G. Jameson 1924. *The Student's Handbook of British Mosses*. 3<sup>rd</sup> ed. Eastbourne.
- Frey, W., J.-P. Frahm, E. Fischer & W. Lobin 1995. *Die Moos- und Farnpflanzen Europas*. *Kleine Kryptogamenflora IV*. Gustav Fischer Verlag.

- Frisvoll, A.A., A. Elvebakk, K.I. Flatberg & R.H. Økland 1995. Sjekklister over norske mosar. Vitskapeleg og norsk namneverk. NINA Temahefte 4: 1-104.
- Goffinet, B. 2000. Origin and phylogenetic relationships of bryophytes. Í: A.J. Shaw & B. Goffinet (eds.). *Bryophyte Biology*: 124-149. Cambridge University Press.
- Goffinet, B. & C.J. Cox 2000. Phylogenetic relationship among basal-most arthroodontous mosses with special emphasis of the evolutionary significance of the Funariineae. *The Bryologist* 103: 212-223.
- Goffinet, B., J.A. Shaw, L.E. Anderson & B.D. Mishler 1999. Peristome development in mosses in relation to systematics and evolution. V. Diplolepidaceae. Orthotrichaceae. *The Bryologist* 102: 581-594.
- Greven, H.C. 1995. *Grimmia* Hedw. (Grimmiaceae, Musci) in Europe. Backhuys Publishers, Leiden.
- Grolle, R. & D.G. Long 2000. An annotated check-list of the Hepaticae and Anthocerotae of Europe and Macaronesia. *Journal of Bryology* 22: 103-140.
- Grönlund, C. 1873. Bidrag til Oplysning om Islands Flora. 2. Hepaticæ og Musci. *Bot. Tidsskr.* 7: 1-26.
- Grönlund, C. 1881. Islands Flora. Kjøbenhavn.
- Hedenäs, L. 1995. Higher taxonomic level relationships among diplolepidous pleurocarpous mosses - a cladistic overview. *Journal of Bryology* 18: 723-782.
- Hedenäs, L. 1997. An evaluation of phylogenetic relationships among the Thuidiaceae, the Amblystegiaceae, and the temperate members of the Hypnaceae. *Lindbergia* 22: 101-133.
- Hesselbo, A. 1918. The Bryophyta of Iceland. Í: L.K. Rosenvinge & E. Warming (eds.). *The Botany of Iceland. Part II*, 4: 397-675.
- Hodgetts, N.G. 2001. A re-evaluation of *Bryum subelegans* Kindb. in Britain. *Journal of Bryology* 23: 177-180.
- Hyvönen, J., T.A. Hedderson, G.L. Smith Merrill, J.G. Gibbings & S. Koskinen 1998. On phylogeny of the Polytrichales. *The Bryologist* 101: 489-505.
- Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. *Náttúrufræðingurinn* 40: 58-65.
- Jensen, C. 1939. Skandinaviens Bladmossflora. Copenhagen.
- Jones, E.W. 1946. Notes on the bryophyte flora of Grímsey and other parts of North Iceland. *The Bryologist* 49: 14-29.
- La Farge, C., B.D. Mishler, J.A. Wheeler, D.P. Wall, K. Johannes, S. Schaffer & A.J. Shaw 2000. Phylogenetic relationships within the haplolepidous mosses. *The Bryologist* 103: 257-276.

- Lindsay, W.L. 1861. The flora of Iceland. Edinb. New Philos. Journal 14: 64-101.
- Mogensen, G.S. & R.H. Zander 1999. Four moss species new to Greenland: *Barbula amplexifolia*, *Didymodon brachyphyllus*, *D. michiganensis*, and *Gyroweisia tenuis* (Pottiaceae, Musci). *Lindbergia* 24: 77-83.
- Muñoz, J. 1998. A taxonomic revision of *Grimmia* subgenus *Orthogrimmia* (Musci, Grimmiaceae). *Ann. Missouri Bot. Gard.* 85:367-403.
- Müller, O.F. 1770. Enumeratio stirpium in Islandia sponte crescentium. *Nova Acta Acad. Nat. Curios.* 4: 203-216.
- Newton, A.E. & E. De Luna 1999. A survey of morphological characters for phylogenetic study of the transition to pleurocarpy. *The Bryologist* 102: 651-682.
- Newton, A.E., C.J. Cox, J.G. Duckett, J.A. Wheeler, B. Goffinet, T.A.J. Hedderson & B.D. Mishler 2000. Evolution of the major moss lineages: phylogenetic analyses based on multiple gene sequences and morphology. *The Bryologist* 103: 187-211.
- Nyholm, E. 1986. *Illustrated Flora of Nordic Mosses. Fasc. 1.* Nordic Bryol. Soc., Copenhagen and Lund.
- Nyholm, E. 1989. *Illustrated Flora of Nordic Mosses. Fasc. 2.* Nordic Bryol. Soc., Copenhagen and Lund.
- Nyholm, E. 1993. *Illustrated Flora of Nordic Mosses. Fasc. 3.* Nordic Bryol. Soc., Copenhagen and Lund.
- Nyholm, E. 1998. *Illustrated Flora of Nordic Mosses. Fasc. 4.* Nordic Bryol. Soc., Copenhagen and Lund.
- Ochyra, R. 1998. The moss flora of King George Island, Antarctica. W. Szafer Institute of Botany, Cracow, Poland. 278 s.
- Paton, J.A. 1999. The liverwort flora of the British Isles. Harley Books. 626 s.
- Pedersen, N. 2000. A cladistic overview of the Bryaceae (Musci) based on morphological and anatomical data and with emphasis on the genus *Bryum*. *Journal of Bryology* 22: 193-206.
- Pedersen, N. & L. Hedenäs 2001. Phylogenetic relationships within the Plagiotheciaceae. *Lindbergia* 26: 62-76.
- Pedersen, N. & L. Hedenäs 2002. Phylogeny of the Plagiotheciaceae based on molecular and morphological evidence. *The Bryologist* 105: 310-324.
- Schumacker, R. & J. Váña 2000. Identification keys to the liverworts and hornworts of Europe and Macaronesia. R. Schumacker & J. Váña.

- Schuster, R.M. 1984. Evolution, phylogeny and classification of the Hepaticae. Í: R.M. Schuster (ed.). New Manual of Bryology: 892-1070. Hattory Botanical Laboratory.
- Shaw, A.J. 2000. Phylogeny of the Sphagnopsida based on chloroplast and nuclear DNA sequences. The Bryologist 103: 277-306.
- Smith, A.J.E. 1978. The Moss Flora of Britain and Ireland. Cambridge University Press.
- Stech, M. & J-P. Frahm 2001. The systematic position of *Ochyraea tatrensis* (Hypnobartlettiaceae, Bryopsida) based on molecular data. The Bryologist 104: 199-203.
- Vanderpoorten, A. & C.E. Zartman 2002. The *Bryum bicolor* complex in North America. The Bryologist 105: 128-139.
- Válisti I. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. 82 s.
- Vitt, D.H. 1984. Classification of the Bryopsida. Í: R.M. Schuster (ed.). New Manual of Bryology: 696-759. Hattory Botanical Laboratory.
- Vitt, D.H., B. Goffinet & T. Hedderson 1998. The ordinal classification of mosses: questions and answers for 1990's. Í: J.W. Bates, N.W. Ashton & J.G. Duckett (eds.). Bryology for the Twenty-first Century: 113-123. Maney and British Bryological Society.
- Wheeler, J.A. 2000. Molecular phylogenetic reconstructions of the marchantioid liverwort radiation. The Bryologist 103: 314-333.

## SUMMARY

### Icelandic bryophytes Lists and additions

by Bergthor Johannsson  
Icelandic Museum of Natural History  
P.O.Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland

*Bryum axel-blyttii* Kaurin ex H.Philib., *B. neodamense* Itzigs. ex Müll.Hal., *Dichelyma falcatum* (Hedw.) Myrin, *Dicranella riparia* (H.Lindb.) Mårtensson, *Hypnum pratense* W.Koch ex Spruce, *Leskea polycarpa* Hedw. and *Sphenolobopsis pearsonii* (Spruce) R.M.Schust., recently discovered in Iceland, are drawn and described and their distribution maps are shown. *Bryum axel-blyttii*, *Dicranella riparia* and *Leskea polycarpa* were found with sporophytes.

Some additional information is given to previously treated species. *Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid., *Dichodontium pellucidum* (Hedw.) Schimp., *Ditrichum lineare* (Sw.) Lindb., *Meesia triquetra* (Richter) Ångstr. and *Nardia breidlerii* (Limpr.) Lindb. have now been found with sporophytes. *Jungermannia hyalina* Lyell has been collected with perianths and male plants of *Radula lindenbergiana* Gottsche ex C.Hartm. have been found.

A list of Icelandic species seen and accepted by the author is presented. Changes from previous treatment are recorded. Among these are the following. *Brachythecium coruscum* I.Hagen is now considered to be too close to *B. albicans* (Hedw.) Schimp. to be treated as a separate species. *Cephaloziella arctogena* (R.M.Schust.) Konstantinova is separated from *C. rubella* (Hedw.) Warnst. *Chiloscyphus pallescens* (Ehrh. ex Hoffm.) Dumort. and *C. polyanthos* (L.) Corda are now listed as one species. *Didymodon brachyphyllus* (Sull.) R.H.Zander is separated at the specific level from *D. vinealis* (Brid.) R.H.Zander. *Leiocolea bantriensis* (Hook.) Jörg. and *L. collaris* (Nees) Schljakov are listed as one species. *Polytrichastrum norwegicum* (Hedw.) Schljakov is considered as a synonym of *Polytrichum alpinum* Hedw. *Weissia wimmeriana* (Sendtn.) Bruch et Schimp. is not separated from *W. controversa* Hedw.

Lists of Icelandic names of species, genera and families are given.

A systematic list is given. The system follows mainly Crandall-Stotler & Stotler (2000) and Buck & Goffinet (2000). Icelandic species listed are 604, belonging to 194 genera, 77 families, 29 orders and 7 classes.

A list of synonyms is given and a list of excluded species. The list from 1983 (Bergþór Jóhannsson 1983) is used as a starting point for these lists. It is possible that the list of excluded species includes species which have actually been found in Iceland because the author has not checked all reports of everyone of them.

The rarest and the most endangered species in Iceland are briefly treated.

## FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

1. Bergþór Jóhannsson 1985. Tillögur um nöfn á íslenskar mosaettkvíslir. 35 s.
2. Jóhann G. Guðnason 1985. Dagbók um Heklugosið 1947–1948. 31 s.
3. Oddur Erlendsson 1986. Dagskrá um Heklugosið 1845–6 og afleiðingar þess. 49 s.
4. Haukur Jóhannesson 1987. Heimildir um Grímsvatnagosin 1902–1910. 40 s.
5. Erling Ólafsson 1988. Könnun á smádyrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal. 86 s.
6. Ævar Petersen 1988. Leiðbeiningar við fuglamerkingar. 16 s.
7. Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988. Aldur Illahrauns við Svartsengi. 11 s.
8. Sigmundur Einarsson og Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Arnarseturshrauns á Reykjanesskaga. 15 s.
9. Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði. 12 s.
10. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undaffillar. 262 s.
11. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. 42 s.
12. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir mosar. Barnamosaett. 94 s.
13. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Sótmosaett og haddmosaett. 71 s.
14. Erling Ólafsson 1990. Ritverk um íslensk skordýr og aðra hópa landliðdýra. 34 s.
15. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Slæðumosaett, bólmosaett, taðmosaett og hettumosaett. 80 s.
16. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Krónumosaett, næfurmosaett, tæfilmosaett, brámosaett, skottmosaett og hnotmosaett. 44 s.
17. Erling Ólafsson 1991. Íslenskt skordýratal. 69 s.
18. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. 38 s.
19. Bergþór Jóhannsson 1991. Íslenskir mosar. Brúskmosaett. 119 s.
20. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Vendilmosaett, sverðmosaett, fjöðurmosaett og bikarmosaett. 78 s.
21. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Grýtumosaett. 122 s.
22. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Klukkumosaett, dægurmosaett og fleira. 47 s.



23. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. 43 s.
24. Bergþór Jóhannsson 1993. Íslenskir mosar. Skeggmosaætt. 116 s.
25. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987–1992. 126 s.
26. Bergþór Jóhannsson 1995. Íslenskir mosar. Skænumosaætt, kollmosaætt, snoppumosaætt, perlumosaætt, hnappmosaætt og toppmosaætt. 129 s.
27. Bergþór Jóhannsson 1995. Íslenskir mosar. Hnokkmosaætt. 162 s.
28. Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfluglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987–1994. 76 s.
29. Bergþór Jóhannsson 1996. Íslenskir mosar. Röðulmosaætt, tildurmosaætt, glitmosaætt, faxmosaætt, breytingar og tegundaskrá. 127 s.
30. Bergþór Jóhannsson 1996. Íslenskir mosar. Fossmosaætt, ármosaætt, flosmosaætt, leskjumosaætt, voðmosaætt og rjúpumosaætt. 55 s.
31. Ingi Agnarsson 1996. Íslenskar köngulær. 175 s.
32. Erling Ólafsson og Hálf dán Björnsson 1997. Fiðrildi á Íslandi 1995. 136 s.
33. Bergþór Jóhannsson 1997. Íslenskir mosar. Lokkmosaætt. 83 s.
34. Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar. Rytjumosaætt. 126 s.
35. Ingi Agnarsson 1998. Íslenskar langfætlur og drekar. 34 s.
36. Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar. Breytingar og skrár. 101 s.
37. Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Þráinsson 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. 246 s.
38. Bergþór Jóhannsson 1999. Íslenskir mosar. Hornmosar og 14 ættir soppmosa. 108 s.
39. Ólafur K. Nielsen 1999. Vöktun rjúpnastofnsins. 55 s.
40. Erling Ólafsson 2000. Landliðdýr í Þjórsárverum. Rannsóknir 1972–1973. 159 s.
41. Bergþór Jóhannsson 2000. Íslenskir mosar. Lápmosaætt, kólfmosaætt og væskilmosaætt. 151 s.
42. Bergþór Jóhannsson 2001. Íslenskir mosar. Bleðlumosaætt og leppmosaætt. 100 s.
43. Bergþór Jóhannsson 2002. Íslenskir mosar. Refilmosaabáلكur og stjörnumosaabáلكur. 70 s.
44. Bergþór Jóhannsson 2003. Íslenskir mosar. Skrár og viðbætur. 135 s.



## NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

<http://www.ni.is>

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 5900500 Bréfasími 5900595 Netf. ni@ni.is  
Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 Akureyri Sími 4600500 Bréfasími 4600501 Netf. nia@ni.is

*Viðey ehf.*